

**SKOÐUN** Teitur Guðmundsson skrifar um heilsu og þyngdartap. **15**



**MENNING** Vel heppnuð Karlsvaka þrátt fyrir tækniörðugleika. **20**



**LÍFIÐ** Magnús Scheving var í stuði á frumsýningu Ævintýra í Latabæ um helgina. **24**



**SPORT** Hættur að finna fyrir svima og byrjaður aftur að æfa. **26**







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Priðjudagur**
16. september 2014
217. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## FRÉTTIR



**Annars goss er að vænta** Mikið sig í öskju Bárðarbungu, sem líkt er við hrun, er einn möguleiki framhalds jarðhræringa í og við Vatnajökul. Þó að eldgosið í Holuhrauni sé í rénun er það ekki til vitnis um minni virkni á svæðinu. Annars eldgoss er að vænta lokist sprungan. **8**

**Greitt ofan á launin** Um áttatíu prósent opinberra starfsmanna fá aukagreiðslur ofan á grunnlaun sín. Karlar fá frekar slíkar aukagreiðslur en konur. **4**

**Njóti eigin afraksturs** Koma þarf á skipulagi þar sem frumkvöðlar sem leggja í áhættusamar tilraunaveiðar njóti afraksturs frumkvöðlastarfs með sanngjörnum hætti. **6**




**14**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 10° | SV | 6 |
| Akureyri | 13° | SV | 5 |
| Egilsstaðir | 15° | SV | 2 |
| Kirkjubæjarkl. | 13° | V | 2 |
| Reykjavík | 12° | SV | 4 |

**BJARTVIÐRI** Í dag verða suðvestan yfirleitt 3-8 m/s og bjartviðri, en skýjað SV-til. Hiti 8-15 stig, mildast A-lands. **4**

## SÉRBLAÐ

Fólk




# Veikindi borgarstarfsmanna kosta mörg hundruð milljónir

Veikindi starfsmanna á Velferðarsviði hafa kostað borgina yfir hundrað milljónir króna fyrstu sex mánuði ársins. Formaður Velferðarsviðs hefur látið skoða málið. Fleiri svið borgarinnar glíma við svipaðan vanda.

**STJÓRNSÝSLA** Talið er að veikindi starfsmanna Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og fjarvistir vegna þeirra hafi kostað borgina 145 milljónir króna á fyrstu sex mánuðum ársins. Á þeim tíma hafa laun og launatengd gjöld alls farið 256 milljónir króna fram úr áætlun, eða um fimm prósent.

Unnið er að því á vegum borgarinnar að greina þessar miklu fjarvistir og veikindi starfsmanna á sviðinu.

Áslaug Friðriksdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins á Velferðarsviði, fer fram á að skoðaðar verði ástæður þess að launakostnaður vegna veikinda sé eins hár og raun ber vitni. Áslaug lagði fram bókun á fundi velferðarráðs þann 4. september síðastliðinn vegna málsins. Í bókun Áslaugar kemur fram að launakostnaður Velferðarsviðs á árinu líti út fyrir að verða nokkru hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. „Samkvæmt mínum upplýsingum frá borginni er einn hluti af skýringunni veikindi starfsmanna. En talið er að þessi kostnaður sé um 145 milljónir króna í 6 mánaða uppgjöri sviðsins. Við teljum nauðsynlegt að bregðast við og skoða hvort veikindin séu vinnutengd og þá hvort nauðsynlegt sé að gera breytingar á skipulagi á vinnu starfsmanna. Hvort eitthvað í vinnuumhverfi starfsmanna sé að hafa neikvæð áhrif á heilsu þeirra.“

Hún segir önnur svið borgarinnar standa frammi fyrir sama vanda þannig að búast megi við að samanlögð upphæð sé mun hærri þegar á heildina er litið.

Björk Vilhelmsdóttir, formaður velferðarráðs, bendir á að málið sé í skoðun hjá borginni en endanleg niðurstaða liggi ekki fyrir. „Kostnaðurinn hefur farið vaxandi með auknu álagi og breytingum á þjónustu sviðsins. Ég fagna því að þetta verði tekið til athugunar.“

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar sér meðal annars um rekstur hjúkrunarheimila, húsnæðis- og búsetuúrræði, barnavernd, félagsþjónustu fyrir alla aldurshópa, heimahjúkrun, dagvist aldraðra og ferðaþjónustu.

Árið 2013 voru starfsmenn sviðsins 2.269 talsins í 1.536 stöðugildum og var meðalaldur þeirra 42 ár.

**145** milljónir er kostnaður borgarinnar vegna veikinda starfsfólks Velferðarsviðs fyrstu sex mánuði ársins.

hannarut@frettabladid.is



**HRYLLILEG AÐKOMA** Jökull Helgason og Hildur Sigurðardóttir eru slegin yfir hroðalegri atlögu tveggja hunda að lömbum þeirra. Tvö lambanna voru lifandi þegar að var komið þótt hundarnir hefðu rifið utan af þeim kjötið inn að beini. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Óhugnaður á Ósabakka:

## Hundarnir átu lömbin lifandi

**LÖGREGLUMÁL** „Þetta er alger óhugnaður og svo viðbjóðslegt að lömbin væru lifandi hálfétin,“ segir Jökull Helgason á Ósabakka á Skeiðum þar sem tveir aðkomuhundar gengu berserksgang í kindahópi.

Þegar Hildur Sigurðardóttir kom að hundunum á miðvikudag í síðustu viku lágu þrjú lömb í valnum og tvö önnur voru helsærð eftir hundana. „Annað lambið sem var lifandi voru þeir búnir að éta frá hálsi og niður á bóg svo skein í beinin. Þetta er svo hryllilegt að fólk trúir því ekki nema sjá það,“ segir Hildur.

Hundarnir voru hvor frá sínu heimilinu á tvíbýli í nágrenninu. Hundurinn sem handsamaður var á staðnum var fljótlega aflífaður og svæfa átti hinn hundinn í gær.

„Þetta eru dýrbítar og það er búið að tendra þá og ekki hægt að treysta þeim eftir þetta,“ segir Guðmundur Bjarnason dýralæknir.

- gar / sjá síðu 6


Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


Fyrrverandi aðstoðarmaður innanríkisráðherra heldur óskertum launum:

# Með tæp 900 þúsund á mánuði

**STJÓRNSÝSLA** Gísli Freyr Valdórsson, fyrrverandi aðstoðarmaður Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra, heldur óskertum launum á meðan mál hans er til meðferðar hjá dómstólum.

Gísli Freyr er með rúm 764 þúsund á mánuði og fyrir fasta yfirvinnu fær hann greidd rúm 128 þúsund. Heildarmánaðarlaun hans nema því 893 þúsund krónum.

Innanríkisráðherra leysti Gísla Frey frá störfum 15. ágúst síðastliðinn, eftir að ríkissaksóknari ákvað að ákæra hann í „lekamálinu“ svokallaða. Gísli er ákærður fyrir að hafa lekið trúnaðarupplýsingum um hælisleitenda til ótilgreindra aðila. Málið gegn honum verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag.



**GÍSLI FREYR VALDÓRSSON**

Hann neitar alfarið sök í málinu.

Lögfræðingar innanríkisráðuneytisins telja að um aðstoðarmenn ráðherra gildi lög um Stjórnarráð Íslands sem og lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Í svari ráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins segir: „Miðað við þá framkvæmd sem tíðkast hefur, er Gísli því í launuðu leyfi frá störfum líkt og almennt gildir um starfsmenn Stjórnarráðsins í stöðu sem þessari samanber meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar.“

→ Gísli Freyr Valdórsson, fyrrverandi aðstoðarmaður innanríkisráðherra, fær 893 þúsund krónur á mánuði á meðan mál hans er til meðferðar hjá dómstólum.

- jme




## SPURNING DAGSINS



Guðmundur, ertu kannski súr?

**„Nei, en nú þarf að sæta lagi.“**

Guðmundur Löve, framkvæmdastjóri SÍBS, gagnrýnir áform stjórnvalda um að fella niður svokallaðan sykurskatt. Það segir hann kolranga leið til að bæta heilsu- og holdafar þjóðarinnar.

Ríkissaksóknari staðfestir að ábendingar hafi borist um misfellur við meðferð rannsóknargagna:

# Telur að farið sé að lögum við símhleranir

**STJÓRNSÝSLA** Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari segir að hún hafi leitast við að koma á eftirliti með hlustunum lögreglustjóra og embættis sérstaks saksóknara og meðal annars krafið embættin um gögn og upplýsingar tengdar hlerununum. Þau svör sem borist hafi frá embætti sérstaks saksóknara hafi ekki gefið tilefni til að ætla að þar sé ekki farið eftir ákvæðum laga um meðferð sakamála.

Jón Óttar Ólafsson, fyrrverandi lögreglumaður hjá sérstökum saksóknara, fullyrti í viðtali við Fréttablaðið á laugardag að sérstakur saksóknari hefði hlerað símtöl sakborninga og verjenda.

Sigríður segist staðfesta að í greinargerð, sem Jón Óttar Ólafsson og Guðmundur Haukur Gunnarsson sendu ríkissaksóknara í tengslum við kæru á hendur þeim vegna meints trúnaðarbrots í starfi, komi fram ábendingar um misfellur við meðferð rannsóknargagna af hálfu starfsmanna við embætti sérstaks saksóknara.

Hún segir að þær upplýsingar samrýmist ekki að öllu leyti því sem fram kemur í viðtalinu. Sigríður segir við Fréttablaðið að ekkert komi fram í greinargerðinni sem samræmist frásögn í Fréttablaðinu, um að hann hafi orðið vitni að því þegar símtöl lögmanna hafi verið spiluð í hátalara á borði svo saksóknarar og aðrir gætu heyrt hvað mönnum fór á milli, er lögmennirnir ráðlögðu sakborningum og fóru yfir vörn þeirra. - jhh



**RÍKISSAKSÓKNARI** Sigríður telur að svör sérstaks saksóknara gefi ekki tilefni til aðgerða af hálfu ríkissaksóknara. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**STÓRT SVÆÐI** Eldarnir breiðast hratt út um svæðið en erfiðlega gengur að ráða niðurlögum þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skógareldar í Kaliforníuríki neyða íbúa til að yfirgefa hús sín:

## Erfitt að ráða niðurlögum eldanna

**BANDARÍKIN, AP Skógareldar í Kaliforníuríki í Bandaríkjunum sem erfitt hefur reynst að slökkva hafa þvingað hundruð íbúa til þess að yfirgefa heimili sín. Eldarnir kviknuðu síðdegis á sunnudaginn og hafa þegar eyðilagt 21 byggingu.**

**Einn eldanna kviknaði við Yosemite-þjóðgarðinn og nær nú yfir 320 ekrur. Annar eldur sem er norðar í ríkinu við Sacramento hefur orðið til þess að 133 heimili standa nú auð. Sá brennur nú á 3.900 ekrum.**

**Sex slökkviliðsmenn hafa meiðst lítillega við að reyna að ráða niðurlögum eldsins, flestir í tengslum við örmögnun vegna ofhitnunar.** - nej

Öllu lífeyriskerfinu breytt:

## Fólki verði gert að vinna lengur

**ALÞINGI** Nefnd á vegum félagsmálaráðherra mun á næstu vikum leggja fram tillögur um breytingar á lífeyriskerfinu.

Ellilífeyrisaldurinn skal hækkaður um þrjú ár og um leið verður í boði fyrir eldri borgara að vinna lengur án þess að lífeyrir þeirra skerðist. Þá er vilji til að taka upp starfsgetumat í stað örorkumats þar sem atvinnutekjur skerða ekki bætur.

Nefndin var skipuð í nóvember í fyrra og er Pétur Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, formaður hennar. - hh

Gæsluvarðhald framlengt:

## Almannahagsmunir réðu

**DÓMSMÁL** Gæsluvarðhaldsúrskurður héraðsdóms yfir karlmanni á fertugsaldri sem gefið er að sök að hafa stungið annan mann fjórum sinnum í brjósthol á Frakkastíg í ágúst síðastliðnum hefur verið framlengt um fjórar vikur, eða til 10. október næstkomandi.

Gæsluvarðhaldsúrskurðurinn var framlengdur á grundvelli almannahagsmuna. Að sögn lögreglu miðar rannsókn málsins vel og lýkur henni á næstu vikum. - sks

# Plastpokinn gott sem útlægur í Hólminum

Vel á þriðja tug verslunar- og þjónustufyrirtækja í Stykkishólmi hafa hætt notkun plastburðarpoka. Vonir standa til þess að nýta verkefnið til að ná sama árangri í fleiri sveitarfélögum. Viðbrögð bæjarbúa hafa heilt yfir verið mjög jákvæð.

**UMHVERFISMÁL** Nær öll verslunar- og þjónustufyrirtæki í Stykkishólmi hafa hætt notkun plastburðarpoka. Áfanganum var fagnað af stórum hluta bæjarbúa fyrir helgi á sérstakri hátíð þar sem plastpokinn var formlega kvaddur.

Þetta er árangur tilraunaverkefnis Umhverfishóps Stykkishólms sem hefur staðið yfir undanfarna mánuði. Ríflega 95 prósent verslunar- og þjónustufyrirtækja í Stykkishólmi eru þegar hætt að bjóða burðarplastpoka, en verkefninu er þó síður en svo lokið, að sögn aðstandenda. Áfram verður unnið að því að síðustu fyrirtækin, sem ekki hafa treyst sér til að taka lokaskrefið og hætt notkun burðarplastpoka, bætist í hópinn á næstu vikum eða mánuðum.

Spurð um viðtökur meðal bæjarbúa segir Menja von Schmalensee, formaður Umhverfishóps Stykkishólms, að verkefninu verði fylgt eftir með haustinu og lögð áherslu á ánægjukönnun fyrir íbúa og verslunarrekendur með það að markmiði að kanna hvernig fólki hugnast breytingin. „Almennt séð hafa viðbrögðin verið mjög góð, þótt líka hafi heyrst efasemdarraddir en þær eru í miklum minnihluta,“ segir Menja sem bætir við að í vetur verði skrifuð skýrsla um reynsluna og hvað gekk vel og hvað illa.

„Reynsla okkar ætti svo að geta auðveldað öðrum samfélögum að gera eitthvað sambærilegt. Frumkvæðið að því þarf þó líklega að koma frá íbúum, verslunum eða sveitarstjórnum. Fjölmargir hafa spurt okkur út í lausnir, t.d. varðandi poka undir almennt sorp, sent okkur hvatningu og óskað þess að í sínu samfélagi væri sambærilegt verkefni í gangi.

Menja bætir við: „Það er mjög vaxandi hreyfing fólks víða um heim sem hugsar á svipuðum nótum og við og víða hefur burðarplastpokanotkun lengi verið mun minni en hér á landi. Enn sem komið er eru þó mjög fáar borgir og bæir langt komin í því að losna alveg við burðarplastpokann og ég held að fá samfélög hafi komist jafn langt og við án þess að beita boðum og bönnum.“ Þegar hafa fyrirtæki í Stykkishólmi sett upp þar til gerðar merkingar um að þau hafi sagt skilið við plastburðarpokann. Verkefni Umhverfishóps Stykkishólms um burðarplastpokalaust sveitarfélag er unnið í samvinnu við Náttúrustofu Vesturlands, Landvernd og UMÍS. svavar@frettabladid.is



**INNKAUP** Verslun Bónuss í Stykkishólmi stefnir á að losa sig við plastpokana eins og önnur fyrirtæki á staðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Almennt séð hafa viðbrögðin verið mjög góð, þótt líka hafi heyrst efasemdarraddir en þær eru í miklum minnihluta.**

*Menja von Schmalensee*






Gagnrýndi ríkisstjórn harðlega vegna færslu dómsmála til forsætisráðherra:

# Handahófskenndar breytingar

**ALÞINGI** Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, telur illa staðið að flutningi dómsmála frá innanríkisráðuneytinu og telur breytingarnar handahófskenndar og klæðskerasaumaðar fyrir Hönnu Birnu Kristjánsdóttir. Þetta kom fram í sérstakri umræðu um stjórnarráð Íslands þar sem Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra, var til andsvara.



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON**

Bjarni Benediktsson gaf lítið fyrir gagnrýni Árna Páls. Benti Bjarni á að síðasta ríkisstjórn Vinstri grænna og Samfylkingar hefði verið iðin við kolann að færa málefni milli ráðuneyta og „endalausar hræringar“ í ráðherraskipan, eins og hann orðaði það. Nú heyra málefni dómsmála undir forsætisráðherra eftir að Hanna Birna Kristjánsdóttir sagði sig frá málaflokknum. Árni bendir á að fullnusturéttarfar er áfram í höndum innanríkisráðherra en dómstólar og lögreglan séu komin til forsætisráðherra. Árni telur Bjarna hafa brugðist í málinu sem formaður Sjálfstæðisflokksins.

„Þegar aðstoðarmaður ráðherra er ákærður fyrir að misfara með opinber gögn í ráðuneyti ráðherrans var ljóst að ráðherrann gat ekki setið áfram, það er ljóst,“ sagði Árni Páll Árnason í ræðu sinni á þingi. - sa



**BJARNI BENEDIKTSSON** Gaf lítið fyrir gagnrýni formanns Samfylkingarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

AFSLÁTTUR: 140.000 KR.



TILBOÐ: 1.150.000 KR.

**Citroën C1 SX** GPU11
Skráður apríl 2012, 1,0i bensín, beinskiptur
Ekinn 72.000 km. Litur: Ljósgrár
Ásett verð: 1.290.000 kr.

AFSLÁTTUR: 400.000 KR.



TILBOÐ: 8.350.000 KR.

**Volvo XC90 Mom. AWD D5** VPY19
Skráður des. 2012, 2,4 D5 dísil, sjálfskiptur
Ekinn 85.000 km. Litur: Hvítur
Ásett verð: 8.790.000 kr.

AFSLÁTTUR: 200.000 KR.



TILBOÐ: 3.650.000 KR.

**Ford Galaxy Ghia MPV** IRS54
Skráður apríl 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 94.000 km. Litur: Ljósbrúnn
Ásett verð: 3.850.000 kr.

AFSLÁTTUR: 180.000 KR.



TILBOÐ: 2.290.000 KR.

**Citroën C4 Comfort** LNZ23
Skráður maí 2013, 1,6HDi dísil, beinskiptur
Ekinn 72.000 km. Litur: Ljósgrár
Ásett verð: 2.470.000 kr.

# BÍLALEIGUBÍLAR TIL SÖLU

## ÓDÝRARI REKSTUR

Nýlegir bílar lækka rekstrarkostnaðinn með **lægri eyðslu** og **minna viðhaldi** og eru jafnframt **öruggari.** Skoðaðu úrval nýlegra bíla strax í dag.

Finndu bílinn þinn á:
**notadir.brimborg.is**

## LÆGRA VERÐ

Kauptu nýlegan bíl á lægra verði. **Nýlegir** bílaleigubílar eru af nýjustu gerðum (árgerðir 2012, 2013, 2014) en fást á **lægra verði.**

**Hafðu samband við ráðgjafa** og við gerum þér frábært tilboð.

**Nýttu tækifærið!**

## LÉTTARI KAUP

Landsbankinn og Brimborg létta þér kaupin á nýlegum bíl.

Landsbankinn býður **sérkjör á fjármögnun** við kaup á nýlegum bílaleigubíl frá Brimborg:

- 9,15% vextir
- Lægri lántökugjöld
- Allt að 7 ára lánstími
- Allt að 75% fjármögnun

Brimborg tekur allar tegundir bíla upp í. Hagstætt uppítökuverð.

**KOMDU NÚNA**

AFSLÁTTUR: 360.000 KR.



TILBOÐ: 4.090.000 KR.

**Ford Kuga Titanium S** YLD59
Skráður desember 2012, 2,0 TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 84.000 km. Litur: Hvítur
Ásett verð: 4.450.000 kr.

AFSLÁTTUR: 350.000 KR.



TILBOÐ: 6.530.000 KR.

**Ford Explorer Limited** TGX72
Skráður maí 2012, 3,5i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 93.000 km. Litur: Hvítur
Ásett verð: 6.880.000 kr.

AFSLÁTTUR: 170.000 KR.



TILBOÐ: 2.690.000 KR.

**Ford Focus Titanium** USL85
Skráður júní 2012, 1,6i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 86.000 km. Litur: Ljósgrár
Ásett verð: 2.860.000 kr.

AFSLÁTTUR: 150.000 KR.



TILBOÐ: 2.340.000 KR.

**Citroën Berlingo Multisp. 7 sæta** ULN53
Skráður apríl 2012, 1,6HDi dísil, beinskiptur
Ekinn 67.000 km. Litur: Ljósgrár
Ásett verð: 2.490.000 kr.

AFSLÁTTUR: 140.000 KR.



TILBOÐ: 2.390.000 KR.

**Mazda3 Advance** OXN64
Skráður apríl 2013, 1,6TDi dísil, beinskiptur
Ekinn 65.000 km. Litur: Hvítur
Ásett verð: 2.530.000 kr.

AFSLÁTTUR: 300.000 KR.



TILBOÐ: 3.290.000 KR.

**Ford Kuga Titanium S** NPX65
Skráður apríl 2012, 2,0 TDCi dísil, beinskiptur
Ekinn 100.000 km. Litur: Ljósgrár
Ásett verð: 3.590.000 kr.

AFSLÁTTUR: 130.000 KR.



TILBOÐ: 1.790.000 KR.

**Citroën C3 Seduction Airdream** BAE53
Skráður maí 2012, 1,6 HDi dísil, beinskiptur
Ekinn 65.000 km. Litur: Dökkgrár
Ásett verð: 1.920.000 kr.

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

FINNDU BÍLINN ÞINN HÉR

**NOTADIR.BRIMBORG.IS**

Notaðir bílar - Brimborg

FYLGSTU MEÐ NÝJUSTU TILBOÐUNUM

50 ár í bílgreininni

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Myndir í auglýsingunni eru af sambærilegum nýjum bílum sömu gerðar. Útbúnaður og litur bílanna getur því verið frábrugðinn myndunum í auglýsingunni.

## SVONA ERUM VIÐ



**260** **metrar á dýpt er Jökulsárlón á Breiðamerkursandi og er það því dýpsta stöðuvatn á Íslandi.**

**Öskjuvatn var lengi dýpsta vatn á Íslandi, 220 metrar.**

Mikill áhugir er meðal Skota á kosningunum um sjálfstæði á morgun:

# Yngri kynslóðin vill sjálfstæði

**SKOTLAND, AP** Ákveðið kynslóðabil hefur gert vart við sig í aðdraganda kosninganna í Skotlandi á fimmtudaginn. Skoðanakannanir sýna að meira fylgi er meðal yngra fólks en eldra við sjálfstæði Skotlands.

Mestur er stuðningurinn við óbreytt ástand meðal þeirra sem komnir eru yfir sextugt. Sjálfstæðishreyfingin er hins vegar öflugust meðal þeirra sem enn eru undir fertugu. Kosningabaráttan hefur kallað fram sterkar tilfinningar, en enn er mjótt á mununum og óvíst hvort verður ofan á þegar talið verður upp úr kjörkössunum að kvöldi fimmtudags. Óvenju mikill áhugi er á þessum kosningum meðal Skota. Alls hafa 97 prósent kosningabærra manna skráð sig til þátttöku, en það er hærra en menn eiga að venjast.

Talið er að kosningaþátttakan geti orðið meiri en 85 prósent, en í kosningum til skoska þingsins árið 2011 var þátttakan ekki nema 50,4 prósent. Í bresku þingkosningunum árið 2010 var þátttakan 63,8 prósent. **- gb**




**KYNSLÓÐABIL** Fylgismenn og andstæðingar sjálfstæðis hlið við hlið á útifundi í Edinborg á mánudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Auka jafnrétti í Garðabæ:

## Ný nefnd til að efla íbúalýðræði

**STJÓRNSÝSLA** Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt að ný nefnd taki til starfa á vegum bæjarins sem mun kallast mannréttinda- og forvarnarnefnd.

Hlutverk nefndarinnar er að veita bæjarstjórninni ráð til þess að auka íbúalýðræði og efla forvarnir og vera bæjarstjórn ráðgefandi í málefnum sem varða jafnrétti kynjanna og jafnrétti í víðum skilningi. Fyrsti fundur nefndarinnar verður á morgun, 17. september. **- nej**

Bátur sökk við Möltu:

## 500 flóttamenn drukknuðu

**MALTA** Talið er að um fimm hundruð flóttamenn hafi drukknað við strendur Möltu þegar bátur sigldi á þann sem flóttamennirnir ferðuðust með.

Tveir Palestínumenn sem komust lífs af halda því fram að bátnum hafi verið sökkt að yfirlögðu ráði. Mönnunum var bjargað á fimmtudag, daginn eftir að báturinn sökk.

Í bátnum voru meðal annars Sýrlendingar, Palestínumenn og Egyptar. **- nej**

Rætt um Auðkenni á þingi:

## Fólk þvingað í viðskipti

**ALÞINGI** Ögmundur Jónasson, þingmaður VG, spurði Bjarna Benediktsson fjármálaráðherra í gær út í hvernig á því stæði að eina rafræna undirskriftin sem tekin yrði gild í tengslum við skuldaniðurfellingu ríkisstjórnarinnar væri á vegum fyrirtækisins Auðkennis. Það væri verið að þvinga fólk í viðskipti við fyrirtækið. Bjarni sagði að í rafrænum samskiptum væru mishá öryggisstig og sagði hann Auðkenni uppfylla þau skilyrði sem stjórnvöld settu. „Þetta breytir því ekki að til stendur að bjóða öllum þessa lausn gjaldfrjálst og líka aðra valkosti ef ástæða þykir til,“ sagði Bjarni. **- jm**

### LEIÐRÉTT

**Laun hækkað um 18 prósent**

Í undirfyrirsögn fréttar um hækkun heildarlauna starfsmanna í gær sagði að laun starfsmanna ríkisins hefðu annars vegar hækkað um 20% og hins vegar 18%. Eins og fram kom í meginmáli textans hafa laun félagsmanna í Starfsmannafélagi ríkisins hækkað um 20% en laun félaga í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar um 18%.

# Segir ríkið græða á lágum grunnlaunum

**Um áttatíu prósent starfsmanna fá greiddar aukagreiðslur ofan á grunnlaun sín. Karlar fá frekar slíkar aukagreiðslur en konur. Formenn SFR og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar segja eðlilegra að hafa slíkar greiðslur inni í taxta.**

**ATVINNA** Stærstur hluti félagsmanna í SFR og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar fær greiddar einhverjar aukagreiðslur umfram grunnlaun. Hjá SFR er þetta hlutfall 83 prósent en rétt tæplega 80 prósent hjá Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar.

Karlar fá frekar aukagreiðslur en konur. Hjá SFR er þessi munur 93,5 prósent karla á móti 78,7 prósentum kvenna. Hjá Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar er þessi munur 89,9 prósent á móti 74,3 prósentum.

Hluti af þessum aukagreiðslum er óunnin yfirvinna, en um það bil 25 prósent félagsmanna beggja félaga fá greiðslur fyrir slíkt.

Árni Stefán Jónsson, formaður Starfsmannafélags ríkisins, segir að þessi þáttur hafi fylgt ríkisstarfsmönnum lengi.

Hann segir að stjórnendur ríkisstofnana búi til óunna yfirvinnu eða aðrar sporslur til þessa að fela laun gagnvart öðrum, eða til þess að fela laun gagnvart ráðuneytinu. „Þetta er alveg ótrúlegur leikur í kringum þetta og hann er alltaf að aukast aftur og aftur,“ segir hann.

Árni Stefán segir að ríkið græði líka á því að halda grunnlaunum niðri vegna skuldbindinga gagnvart lífeyrissjóðum.

Hann segir að ef stjórnendur vilji umbuna starfsmönnum fyrir hæfni eða annað þá sé eðlilegra að gera það bara með hækkun á launaflokkun. „En, nei, þeir fóru allir út í hitt,“ segir hann. Hugsanlega geti ástæðan verið sú að það sé auðveldara að taka óunna yfirvinnu aftur af starfsfólkinu en það sé erfiðara að draga launahækkanir til baka þegar fólk hefur verið hækkað í launum með það sé fært upp í launaflokkum. „Það er alveg ótrúlegt hvað menn eru að byrja þennan feluleik aftur,“ segir Árni.

Garðar Hilmarsson, formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, tekur undir með Árna og segir að þessi aðferðafræði, að bæta óunninni yfirvinnu á laun, sé aðferð vinnuveitanda til að hækka launin og gera þau samkeppnishæfari við almennan markað. Hann segir að eðlilegra væri að þessi óunna yfirvinna kæmi inn í taxta.

Ragnhildur Ísaksdóttir, starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar, segir að verið sé að skoða það að taka upp viðbótarlaunakerfi. Samhliða því yrðu fastlaunasamningar afnumdir og markvisst dregið úr yfirvinnu starfsfólks borgarinnar. Ekki náðist í Gunnar Björnsson, skrifstofustjóra kjara- og mannauðssýslu ríkisins. **jonhakon@frettabladid.is**




**FELULEIKUR** Árni Stefán Jónsson, formaður Starfsmannafélags ríkisins, segir aukagreiðslur til ríkisstarfsmanna hluta af feluleik sem færist í aukana. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**HELGI HRAFN GUNNARSSON** Tók þátt í umræðum um Stjórnarráðið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Rætt um ráðherraábyrgð:

## Á ábyrgð forsætisráðherra

**ALÞINGI** Að mati Helga Hrafns Gunnarssonar, þingmanns Pírata, er það ekki formaður stjórnmálaflokks sem gegnir því hlutverki að tryggja að aðrir ráðherrar axli ábyrgð.

Þetta kom fram í sérstökum umræðum á Alþingi, um Stjórnarráð Íslands en í umræðunni var rætt um tilflutning á verkefnum innanríkisráðherra til forsætisráðherra vegna lekamálsins.

Helgi Hrafn vísaði í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og sagði: „Það er forsætisráðherra sem ber „ábyrgð“ á ráðherrum í sinni ríkisstjórn, að því marki sem þeir rísa ekki undir henni sjálfir.“ **- jme**

Breskur læknir fyrir dóm:

## Braut gegn sjúklingum sínum

**BRETLAND** Breskur læknir hefur viðurkennt að hafa brotið kynferðislega gegn krabbameinssjúkum drengjum sem voru í meðferð hjá honum.

Læknirinn, Myles Bradbury, blóðsjúkdómalæknir við Addenbrooke-sjúkrahúsið í Cambridge, kom fyrir dóm og sagðist hafa brotið 25 sinnum af sér. Brotin snúa að átján drengjum. Á Bradbury að hafa tekið yfir sextán þúsund nektarmyndir af þeim.

Bradbury var vísað úr starfi í nóvember í fyrra. **- aí**




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 30° | Friedrichshafen | 24° | New York | 23° |
| Aþena | 27° | Gautaborg | 20° | Orlando | 31° |
| Basel | 24° | Kaupmannahöfn | 20° | Ósló | 19° |
| Berlín | 22° | Las Palmas | 28° | París | 26° |
| Billund | 20° | London | 22° | San Francisco | 22° |
| Frankfurt | 23° | Mallorca | 30° | Stokkhólmur | 17° |







**VINDÁTT SNÝST** til austlægra átta á morgun en vindur verður víðast mjög hægur næstu daga. Bjartviðri á landinu í dag en skýjað með köflum á morgun, líklega dálítil væta syðra seinnipartinn. Víða einhver væta á fimmtudag en þurrt fyrir norðan.

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Ertu að leita upplýsinga?
www.suzuki.is

# SWIFT

SUZUKI Way of Life!

## ...eins og tónlistin – veitir ánægju og gleði inn í lífið á hverjum degi.




SUZUKI SWIFT GL, GLX, 4X4
Frá 2.550 þús. Eyðsla frá 5,0L/100km (blönduðum akstri, bensín, beinskiptur) $CO_2$ 116g/km

EURO NCAP FOR SAFER CARS www.euroncap.com ★★★★★






**FYRIR SKYNSAMT FÓLK**

SUZUKI

**TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR**

**SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS**

Hugtök Markaðsráðgjöf. júlí 2014

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hverrar þjóðar er Fredrik Reinfeldt?
**2.** Hvaða eyju á að friðlýsa í námunda við Reykjavík?
**3.** Hver hætti sem formaður stjórnarskrárnefndar?

**SVÖR**

1. Sænskur 2. Akurey 3. Sigurður Líndal

Ríki Evrópusambandsins, Bandaríkjamenn og fleiri mótmæla hvalveiðum:

# Krefjast þess að veiðum verði hætt

**UTANRÍKISMÁL** Ríki Evrópusambandsins auk Bandaríkjanna, Ástralíu, Brasilíu, Ísraels, Mexíkós og Nýja-Sjálands mótmæla hvalveiðum Íslendinga harðlega. Ríkin hafa komið formlegum mótmælum á framfæri við ríkisstjórnina. Ríkin lýsa yfir þungum áhyggjum vegna ákvörðunar stjórnvalda um að halda hvalveiðum áfram. Milliríkjaviðskipti Íslendinga með hrefnu og langreyði eru harðlega gagnrýnd, þar sem báðar tegundirnar eru á alþjóðlegum lista yfir villt dýr í útrýmingarhættu. Skorað er á stjórnvöld að endurskoða ákvörðun um að leyfa veiðar á allt að 770 langreyðum á næstu fimm árum.

Lýst er yfir sérstökum áhyggjum vegna veiða Íslendinga á 125 langreyðum árið 2009, 148 langreyðum árið 2010 og 134 árið 2013. Ríkin telja þetta verulega aukningu miðað við þær sjö langreyðar sem voru veiddar á árunum 1989 til 2009.

Ríkin krefjast þess að íslensk stjórnvöld fylgi ráðleggingum Alþjóðahvalveiðiráðsins og hætti veiðum og verslun með hval. - jme



**MÓTMÆLA** Evrópusambandið, Bandaríkjamenn, Ástralir, Brasilíumenn og fleiri vilja að Íslendingar hætti hvalveiðum. MYND/AFP

Um hæfnisnefnd lögreglunnar:

# Nýjar reglur um hæfnisnefnd

**LÖGREGLA** Reglur um skipan hæfnisnefndar lögreglunnar eru nú til umsagnar hjá innanríkisráðuneytinu og er umsagnarfrestur til 22. september næstkomandi.

Tilgangur reglnanna er að stuðla að því að val á lögreglumönnum ráðist af hæfni umsækjenda og grundvallist á ráðningarferli þar sem jafnræði og gagnsæi eru höfð að leiðarljósi.

Hæfnisnefnd skal vera sjálfstæð í störfum sínum. - jme



**Í HAFNARFIRÐI** Fasteignir Costa Invest sem um ræðir eru í Hafnarfjarðarbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mannekla veldur fjártjóni:

# Bíða í nær ár eftir niðurstöðu

**STJÓRNSÝSLA** Félagið Costa Invest ehf. hefur orðið fyrir fjárhagslegum skaða vegna manneklu hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Ekki hefur verið hægt að úrskurða í kæru sem varðar deiliskipulag á svæði þar sem félagið á tvær fasteignir. Óvissa um niðurstöðu kærunnar gerir það að verkum að ekki er hægt að selja fasteignir félagsins.

Félaginu var tjáð að úrskurðar væri von þremur mánuðum eftir að kæran barst í febrúar síðastliðnum en nú hefur komið í ljós að ekki verður úrskurðað í málinu fyrr en á næsta ári. - nej

Áburðarverksmiðja fyrir þing:

# Kanna framleiðslu áburðar

**ALÞINGI** Sjö þingmenn Framsóknarflokksins hafa lagt fram, í annað sinn, þingsályktunartillögu þess efnis að Alþingi álykti að fela ríkisstjórn að kanna hagkvæmni þess að reisa áburðarverksmiðju.

Í tillögunni er tekið fram að áburðarverð muni haldast hátt næstu árin vegna aukinna áburðarkaupa Indverja og Kínverja.

Flutningsmenn telja áburðarverksmiðju einnig mikilvæga „til að laða brottflutta Íslendinga aftur heim og til að vekja ungum Íslendingum von í brjósti um að stjórnvöld ætli sér að skapa þeim tækifæri og atvinnuöryggi í framtíðinni“, eins og segir í tillögunni. - sa

# Átu lærin á lifandi lömbum

Fimm lömb á bænum Ósabakka á Skeiðum voru étin lifandi af tveimur aðkomuhundum í síðustu viku. Tvö lambanna voru enn lifandi þegar að var komið þótt étin væru inn að beini. Hundunum hefur nú verið lógað.

**LÖGREGLUMÁL** „Þetta var í svæsnari kantinum,“ segir Guðmundur Bjarnason dýralæknir um aðkomuna að fimm lömbum sem tveir hundar drápu á bænum Ósabakka á Skeiðum í síðustu viku.

Hildur Sigurðardóttir, bóndi á Ósabakka, segir að á miðvikudagsmorguninn hafi hún fengið ábendingu um að ekki væri allt með felldu hjá kindahópi í hólfi skammt frá bænum. Tveir hundar, annar hreinræktaður labrador en hinn labradorblendingur, voru hjá fénu. „Þetta er það ljótasta sem þeir sem að komu hafa nokkurn tíma séð. Þeir átu undan þeim lærin lifandi. Þeir voru með eitt lamb sem þeir voru að djöflast í þegar ég kom,“ segir Hildur sem tókst að handsama yngri hundinn en sá eldri forðaði sér. Á vígvellinum voru þrjú dauð lömb.

„Það var búið að éta alveg undan þeim lærin svo skein bara bókstaflega í bein. Tvö önnur voru á lífi og þau voru hræðilega útleikin, þeir átu þau lifandi. Annað lambið sem var lifandi voru þeir búnir að éta frá hálsi og niður á bóg svo skein í beinin. Þetta er svo hryllilegt að fólk trúir því ekki nema sjá það,“ segir Hildur. Hundarnir höfðu étið annað lærið undan hinu særða lambinu inn að beini. Lömbin tvö voru aflífuð.

Þess utan var eitt lamb drukknað í skurði. „Féð tryllist náttúrlega af hræðslu en hafði ekki mikil undanfæri. Það voru þrjár kindur sem voru fastar í vírnum og við björguðum,“ segir Hildur sem kveður upplifunina hafa verið óraunverulega. „Maður fer í þannig ástand að maður gerir það sem þarf að gera. Svo kemur áfallið eftir á.“

Hundarnir voru hvor frá sínu heimilinu á tvíbýli í nágrenninu. Hundurinn sem handsamaður var á staðnum var fljótlega aflífaður og svæfa átti hinn hundinn í gær. „Þetta eru dýrbítar og það er búið að tendra þá og ekki hægt að treysta þeim eftir þetta,“ segir Guðmundur Bjarnason dýralæknir.



**ÓHUGNAÐUR Á ÓSABAKKA** Jökull Helgason og Hildur Sigurðardóttir með lömbin sem tveir hundar drápu fyrir þeim á miðvikudag í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Þetta er svo hryllilegt að fólk trúir því ekki nema sjá það.**
> *Hildur Sigurðardóttir, bóndi á Ósabakka*

Húsbóndinn á Ósabakka, Jökull Helgason, var við smalamennsku inni á afréttum þegar hundana bar að garði en sá ummerkin er hann kom til byggða.

„Maður hefur upplifað ýmislegt en þetta er alger óhugnaður og svo viðbjóðslegt að lömbin væru lifandi hálfétin,“ segir Jökull sem er ríflega fimmtugur og hefur átt kindur frá því að hann man eftir sér. Hann kveður enn óljóst hversu tjónið sé mikið. „Það eru fjögur lömb til viðbótar örkumla og það er verið að reyna að bjarga þeim með pensilíni.“

Lögreglan hefur málið til rannsóknar. gar@frettabladid.is



**ÉTIN LIFANDI** Þetta lamb var lifandi þegar að var komið þrátt fyrir að hundarnir hafi éti það inn að beini frá hálsi niður í bóg.




# Nýr Toyota Yaris 275.000 kr.*




* Útborgun: 275.000 kr. | Lánshlutfall: 90% | Lánsfjárhæð: 2.475.000 kr. | Breytilegir vextir: 9,15% | Annar kostnaður á lánstímanum: 97.865 kr. (Þinglýsing, lántökugjald og greiðslugjald) | Árleg hlutfallstala kostnaðar: 10,79% | **Mánaðargreiðslur**: 42.139 kr. í 84 mánuði. |

Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%.
Bíllinn á myndinni kann að vera búinn búnaði sem ekki á við uppgefið verð.

**Lykillán** gerir þér kleift að eignast nýjan bíl á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og við lánum þér afganginn til allt að sjö ára. Þú velur þér nýjan bíl hjá viðurkenndu bílaumboði og sölumenn sjá um að ganga frá láninu. Skylt er að húftryggja bifreiðina á lánstímanum.

**Lægstu vextir 8,75%** ræðst af lánshlutfalli

**Kynntu þér kosti Lykillána og fáðu allar nánari upplýsingar á lykill.is**

**Lykill**

Lykill er hluti af Lýsingu hf. | Ármúla 1 | 108 Reykjavík | lykill.is | lykill@lysing.is

PIPAR\TBWA · SÍA · 142464




VIÐURKENNT BÓKARANÁM

Frá grunni að viðurkenndum bókara

Það hefur vakið athygli hversu margir nemendur okkar hafa fengið vinnu eftir að hafa lokið bókhaldsnámi.

Viðurkennt bókaranám er bæði skemmtileg og krefjandi námsbraut sem býr nemendur undir próf sem leiðir til vottunar frá efnahags- og viðskiptaráðuneytinu sem Viðurkenndur bókari.

- **Helstu námsgreinar**

Verslunarreikningur - 24 stundir
Excel-töflureiknir - 30 stundir
Bókhald - 36 stundir
Tölvubókhald í Navision - 54 stundir
Excel við áætlanagerð - 30 stundir
Launakerfi - 24 stundir
Lánardrottnar og viðskiptamenn - 12 stundir
Fyrningar - 12 stundir
Virðisaukaskattur - 6 stundir
Lán - 18 stundir
Gerð og greining ársreikninga - 24 stundir
Lokaverkefni - 36 stundir
Skattaskil - 18 stundir
Reiknishald, viðbætur - 36 stundir
Upplýsingatækni, viðbætur - 6 stundir
Upprifjun fyrir próf - 24 stundir

- **Lengd námskeiðs:**

2 annir - 390 kennslustundir - kennt tvisvar í viku

- **Verð:**

384.000 kr. - hægt er að dreifa greiðslum

- **Næstu námskeið:**

Morgunnámskeið byrjar 1. og 2. okt.
Kvöldnámskeið eru fullbókuð.

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN
VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI
HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : NTV.IS
ntv


Stofninn ekki minnkað þrátt fyrir að hrefnuveiðar hafi gengið illa:

# Hrefnukvótanum ekki breytt

**HVALVEIÐAR** Gísli A. Víkingsson, hvalasérfræðingur hjá Hafrannsóknastofnun, segir að ekki hafi komið til tals að breyta hrefnukvótanum á Íslandi.

Aðeins 22 hrefnur höfðu veiðst um síðustu mánaðamót en 36 á sama tíma í fyrra. Kvótinn er 229 hrefnur en til að anna eftirspurn þarf að landa 40 til 50 dýrum. Veiðar mega standa yfir í sex mánuði og lýkur þeim í lok október.

„Þótt hrefnuveiðar hafi gengið illa undanfarin ár bendir það ekki til að stofninn hafi minnkað að sama skapi,“ segir Gísli, aðspurður. „Mun líklegra er að orðið hafi tilfærsla eða breyting á útbreiðslu innan stofnsvæðisins vegna mikilla breytinga á útbreiðslu og/eða stofnstærð mikilvægra fæðutegunda, s.s. sandsílis og loðnu.“

Hann bætir við að hafa beri í huga að hrefnuveiðarnar og reyndar hvalaskoðunin sömuleiðis fari fram á mjög litlum hluta stofnsvæðisins, aðallega Faxaflóa. Stofnsvæðið nær yfir hafsvæðið frá austurströnd Grænlands, um Ísland og austur fyrir Jan Mayen. **- fb**



**HREFNA** Hrefnuveiðar mega standa yfir í sex mánuði og lýkur þeim í lok október. MYND/HREFNA.IS

# Öskjuhrun í Bárðarbungu er möguleiki

Mikið sig í öskju Bárðarbungu, sem líkt er við hrun, er einn möguleiki framhalds jarðhræringa í og við Vatnajökul. Þó eldgosið í Holuhrauni sé í rénun er það ekki til vitnis um minni virkni á svæðinu. Annars eldgoss er að vænta lokist sprungan.

**NÁTTÚRA** Þrátt fyrir að eldgosið í Holuhrauni sé í rénun er ekkert sem bendir til þess að það eigi að öðru leyti við um jarðhræringar í og við Vatnajökul. Þvert á móti má búast við að sprungan í Holuhrauni opnist fljótlega aftur, eða að eldvirkni hefjist á öðrum stað. Sigið í Bárðarbungu gæti án fyrirvara orðið margfalt meira en það er í dag.

Ari Trausti Guðmundsson, jarðeðlisfræðingur og rithöfundur, segir það miklu líklegra en hitt, að umbrotin muni halda áfram í einhvern tíma eftir að Holuhraunsgosið lognast út af, sem virðist aðeins dagaspursmál.



**ARI TRAUSTI GUÐMUNDSSON**

„Hvar gýs þá, næst ganginum, er ekki hægt að segja til um. Haldi óróleikinn í Bárðarbungu áfram og til dæmis sig í öskjunni getur þar komið upp gos en engin leið er til að segja hvar, eða hvenær eða hversu stórt,“ segir Ari Trausti sem útskýrir að „þegar litið er til gangsins, stærðar hans og kvikumagns, til þess hve hraustlegt hraunrennslið hefur verið í Holuhrauni og loks til látanna í Bárðarbungu, er líklegra en ekki að umbrotahrinunni ljúki ekki þegar það slokknar á þeim gígum sem nú eru virkir.“

Undir þetta sjónarmið tekur Ágúst Guðmundsson, prófessor við jarðvísindadeild Lundúnaháskóla. „Það eru ýmsir möguleikar í stöðunni varðandi framhaldið. Ef sigið tengist beint grunnstæða kvikuhólfinu undir Bárðarbungu, þá getur það varla haldið áfram miklu lengur án þess að raunverulegt öskjusig verði. Með því á ég við snögga færslu um nokkur hundruð metra á hringsprungu Bárðarbungu. Slíkar færslur er það sem við eigum venjulega við með öskjusigi, sem mætti ef til vill betur kalla öskjuhrun en sem er svo sannarlega enn inni í myndinni,“ segir Ágúst og bætir við að slíkt öskjuhrun, þótt það yrði nokkur hundruð metrar, myndi ekki endilega leiða af sér stórt gos.

Ágúst segir að hrun öskjunnar gæti ýtt kviku frá hólfinu út í bergganginn og aukið þrýsting í honum. Slíkt gæti leitt til meiri krafts í gosinu norðan við Dyngjujökul, en gæti allt eins leitt til þess að nýjar gossprungur myndu opnast.

„Allar breytingar í stærð og kvikuþrýstingi inni í meginganginum breyta spennusviðinu á stóru svæði kringum hann, einkum að því er varðar spennusöfnun eða mögnun við eldfjöll í grenndinni með ófyrirsjáanlegum atburðum,“ segir Ágúst.

**svavar@frettabladid.is**



**HOLUHRAUN** Brennisteinsmengun frá gosinu gerir fólki lífið leitt á Norður- og Austurlandi. Mengunin er margföld við það sem áður þekktist. FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL



> **Ef sigið tengist beint grunnstæða kvikuhólfinu undir Bárðarbungu, þá getur það varla haldið áfram miklu lengur án þess að raunverulegt öskjusig verði. Með því á ég við snögga færslu um nokkur hundruð metra á hringsprungu Bárðarbungu.**
>
> *Ágúst Guðmundsson, prófessor við jarðvísindadeild Lundúnaháskóla*

Niðurstöður meðmælavísitölukönnunar MMR áhyggjuefni fyrir fyrirtæki:

# Fáir mæla með þjónustu á Íslandi

**VIÐSKIPTI** Meðmælavísitala íslenskra fyrirtækja mælist almennt lág en það þýðir að minnihluti viðskiptavina fyrirtækja á Íslandi er tilbúinn til að mæla með þjónustu fyrirtækjanna. Þetta kemur fram í könnun MMR en niðurstöður hennar voru birtar í gær.

MMR kannaði meðmælavísitölu 73 íslenskra fyrirtækja í nítján atvinnugreinum. Af þessum nítján greinum mældist meðmælavísitalan neikvæð í átján. Meðal meðmælavísitala atvinnugreinanna var á bilinu -61 prósent til 0 prósent. Af fyrirtækjunum mældist meðmælavísitalan neikvæð í 63 fyrirtækjum eða í 86 prósentum þeirra.

„Lágt hlutfall meðmælenda er áhyggjuefni fyrir íslensk fyrirtæki enda benda rannsóknir eindregið til þess að jákvæð (og/eða neikvæð) umfjöllun viðskiptavina sé sá þáttur sem hafi hvað mest áhrif á öflun nýrra viðskiptavina,“ segir í niðurstöðum könnunarinnar. Þar er vísað í eldri kannanir MMR þar sem fram kom að 80 prósent viðskiptavina treystu helst á meðmæli fólks sem þeir þekkja þegar þeir leita upplýsinga um vörur eða þjónustu.

Þegar miðað er við Bretland, Frakkland og Þýskaland kemur í ljós að meðmælavísitala er almennt lág í öllum löndunum en í þremur af fjórum atvinnugreinum var hún lægri á Íslandi en í hinum þremur. **- nej**



**NEIKVÆÐIR NEYTENDUR** Neytendur þjónustu íslenskra fyrirtækja eru almennt ekki tilbúnir að mæla með þjónustunni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

WHY WE BUY:
# SCIENCE OF SHOPPING

**PACO UNDERHILL**
**MARTIN LINDSTROM**
25. SEPTEMBER Í HÁSKÓLABÍÓ

SVÞ    Kringlan

**Paco Underhill**
er helsti sérfræðingur í smásölu heims, þróun hennar um heim allan og getur bætt veltuaukningu verslana með einstakri sýn sinni og gríðarlegri alþjóðlegri reynslu sem spannar næstum 3 áratugi. Í fyrirlestri sínum kennir Paco þér að halda í viðskiptavini þína í flóknu, margbreytilegu umhverfi og hvernig þú nærð í nýja.





**Martin Lindstrom** var valinn sem einn af „100 áhrifamestu manneskjum heimsins" af TIME Magazine og er viðurkenndur sem einn helsti vörumerkjasérfræðingur í heimi. Í þessari einstöku kynningu mun Lindstrom fræða áhorfendur um „Buyology" heilans í okkur og fara yfir áhugaverð dæmi víða um heim, þ.m.t. hvernig niðurstöður Buyology-rannsókna hans gerðu honum kleift að snúa gengi smásölukeðju í Bandaríkjunum til betri vegar um leið og hann hannaði stórmarkað framtíðarinnar.

# AF HVERJU KAUPUM VIÐ?
## VÍSINDI VERSLUNAR RÁÐSTEFNAN

Viðskiptavinir eru tvær sekúndur að velja hverja vöru í innkaupakörfunni sinni. Mikilvægustu spurningar smásalans ættu að vera: Hvað fær viðskiptavininn til að velja vissar vörur, sleppa öðrum, og ákveða að koma aftur í ákveðna verslun á hverjum degi.

Heimur verslunar mun breytast meira á næstu fimm árum en hann hefur gert síðustu fimmtíu ár. Það sem gerir verslun góða árið 2014 er gjörólíkt því sem gerði verslun góða fyrir áratug.







MIÐASALA Á **midi.is** | SCIENCEOFSHOPPING.IS

HÁSKÓLI ÍSLANDS | MBA    IMARK    YSLAND    Verðandi

Tilkynning frá Reykjanesbæ:

# Rekstur A-hluta í miklum mínus

**REYKJANESBÆR** Árshlutareikningur Reykjanesbæjar fyrir fyrstu sex mánuði ársins sýnir að rekstrarniðurstaða A-hluta bæjarsjóðs er neikvæð um 648 milljónir króna samkvæmt tilkynningu frá bænum. Áætlanir höfðu gert ráð fyrir því að staðan yrði neikvæð um 494 milljónir og því er afkoman mun lakari en búist var við.

Til A-hluta reksturs Reykjanesbæjar telst starfsemi sem er fjármögnuð að hluta eða að öllu leyti af skatttekjum. - nej

Ísland gæti misst stöðu sína sem kúariðulaust land ef bændur skila ekki inn heilasýnum til rannsókna:

# Miklir viðskiptahagsmunir eru í húfi

**LANDBÚNAÐUR** Heilasýni úr íslenskum nautgripum hafa skilað sér illa til rannsókna og svo gæti farið að Ísland missi stöðu sína sem kúariðulaust land ef ekki verður gerð bragarbót á því.

Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir hjá Matvælastofnun, segir það vera alvarlegt mál ef Ísland missir viðurkenningu Alþjóðlegu dýraheilbrigðismálastofnunarinnar sem kúariðulaust land. Til að geta viðhaldið stöðu sinni verður Ísland árlega að sýna fram á tilskilinn fjölda sýna til skimunar. „Viðskiptalegir hagsmunir landsins eru í húfi því Alþjóðlega dýraheilbrigðismálastofnunin er þessi gæðastimpill fyrir löndin. Öll viðskiptalönd leita á heimasíðu stofnunarinnar eftir heilbrigðisstöðu hvers lands,“ segir Sigurborg, aðspurð. „Það geta verið miklir hagsmunir í húfi í viðskiptum með dýraafurðir ef landið er ekki með þennan gæðastimpil.“

Kúariða er banvænn sjúkdómur sem leggst á heila nautgripa. Að sögn Sigurborgar hvatti Matvælastofnun bændur til að láta vita af grunsamlegum tilvikum heima á bæjum.

„Við höfðum samband við forystu Landssambands kúabænda í vor og þeir tóku vel í þetta og hvöttu bændur til að láta okkur vita af grunsamlegum kúm, kúm sem er slátrað heima í neyðarslátrun eða þeim sem sýna klínísk einkenni en það hefur ekki skilað sér. Núna erum við að hvetja virkilega til þess að bændur láti okkur vita,“ segir hún. - fb



**„Það geta verið miklir hagsmunir í húfi í viðskiptum með dýraafurðir ef landið er ekki með þennan gæðastimpil.**

*Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir hjá Matvælastofnun*









**LILJA RAFNEY MAGNÚSDÓTTIR** Spurði ráðherra hvað liði hringtengingu ljósleiðara á Vestfjörðum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Hringtengja á Vestfirði

**Innanríkisráðherra boðaði á Alþingi í gær að hringtengingu ljósleiðara á Vestfjörðum yrði lokið á næsta ári. Samstaða um málið meðal allra flokka á Alþingi.**

**ALÞINGI** Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra sagði frá því í sérstakri umræðu um fjarskiptamál á landsbyggðunum, að hringtengja ætti Vestfirði á næstu árum til þess að öryggi fjarskipta landshlutans væri tryggt. Hún vill fá fleiri fyrirtæki en hið opinbera til að fjármagna verkið.

Lilja Rafney Magnúsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, var frummælandi umræðunnar á þingi. Sagði hún að þann 26. ágúst síðastliðinn, þegar gagnaflutningar og símasamband fór út á Vestfjörðum, hefði skapast mjög hættulegt og ótryggt ástand. Ekki var hægt að hafa samband við viðbragðsaðila og sýndi þetta atvik fram á mikinn veikleika í flutningskerfinu á Vestfjörðum.

„Ekkert varasamband var um svæðið og það vakti athygli hversu langan tíma lagfæringin tók,“ sagði Lilja Rafney.

Hún spurði að lokum innanríkisráðherra hvernig hann hygðist bregðast við. „Hvernig hyggst hæstvirtur ráðherra bregðast við alvarlegu ástandi sem varð á Vestfjörðum í ágúst síðastliðnum og hver er ábyrgð viðkomandi fyrirtækja?“

Hanna Birna Kristjánsdóttir, ráðherra samgöngumála, telur öryggi í fjarskiptum á Vestfjörðum ekki vera nægilega sterkt. Hún hefur þess vegna lagt til að lagning ljósleiðara frá Súðavík til Brúar í Hrútafirði verði styrkt en með því næst hringtenging um Vestfirði sem eykur öryggi í fjarskiptum á Vestfjörðum. Hins vegar vildi ráðherra ekki svara því til hvenær hringtenging kæmist á og taldi óábyrgt af sér að nefna tímasetningar í þeim efnum. Til stæði að nota um 100 milljónir af fjármagni fjarskiptasjóðs til verksins.



**FLEIRI EN HIÐ OPINBERA** Hanna Birna Kristjánsdóttir, innanríkisráðherra, vill að fleiri en hið opinbera komi að fjármögnun hringtengingar á Vestfjörðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þær eitt hundrað milljónir sem fjarskiptasjóður leggur í verkið eru um þriðjungur af heildarfjármögnuninni. Ráðherra vill að fleiri leggi fé í verkið en ríkið þar sem þeir hagnast af verkinu.

Í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014-2017 er ítarlega gerð grein fyrir stefnu stjórnvalda í uppbyggingu fjarskipta á landsbyggðunum. Eitt af leiðarljósum fjarskiptaáætlunarinnar er áhersla á atvinnuuppbyggingu, bætt lífsgæði og jákvæða byggðaþróun. sveinn@frettabladid.is

Lögreglan leitar að þjófum:

# Brutust inn í gröfur og stálu

**DÓMSMÁL** Lögreglan á Suðurnesjum óskar eftir upplýsingum vegna skemmdarverka sem unnin voru nýverið á fjórum vinnuvélum í eigu Íslenskra aðalverktaka.

Gröfurnar stóðu við Fuglavík nærri Sandgerði en rúður voru brotnar og útvörpum stolið úr tveimur þeirra. Þá var rúða brotin í einni til viðbótar og úr hinni fjórðu var útvarpi stolið. Talið er að skemmdarverkin hafi átt sér stað aðfaranótt föstudags síðastliðins. **- hó**

Bæjarstjórinn í Vogum segir alvarlegt mál að kindur valsi óhindrað meðfram Reykjanesbrautinni :

# Lofar að taka á lausagöngu við þjóðveginn

**LANDBÚNAÐUR** Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri í Vogum, segir að til standi að láta yfirfara hólf fyrir kindur til að tryggja að öryggismál séu í lagi á Reykjanesbrautinni.

„Þetta er að öllum líkindum á höndum sveitarfélagsins að annast þetta viðhald. Við erum ekkert að hlaupast undan neinu varðandi ábyrgð á því,“ segir Ásgeir, aðspurður.

Í Fréttablaðinu fyrir helgi kvörtuðu feðgar á Vatnsleysuströnd yfir því að kindur slyppu ítrekað úr hólfinu, sem ekki hefði verið haldið við í mörg ár. Þeir töldu Vegagerðina bera ábyrgð á viðhaldinu en svo virðist sem yfirvöld í Vogum eigi að sjá um viðhaldið.



**ÁSGEIR EIRÍKSSON**

„Ég veit af þessum girðingum. Við höfum fengið ábendingar um að sauðfé væri að valsa meðfram Reykjanesbrautinni, sem er alvarlegt mál. Við munum á næstunni gera viðeigandi ráðstafanir til að þessi mál verði í lagi,“ segir Ásgeir.

„Það eru alls konar flækjuatriði í þessu sem gerir það að verkum að ég vil skoða þetta mál heildstætt og eiga samtal við fjárbændur um hvað sé eðlilegt og hverjar skyldur aðila séu í þessu sambandi,“ segir Ásgeir. **- fb**



**SLEPPA ÚR HÓLFI** Landeigandinn Virgill Scheving Einarsson segir að kindur sleppi ítrekað úr hólfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**JÓN BALDVIN HANNIBALSSON** Fjallar um endurreisn Eystrasaltsríkjanna.

Endalok Sovétríkjanna:

# Fyrirlestur um hlut Íslands

**STJÓRNMÁL** Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi utanríkisráðherra, flytur á fimmtudag fyrirlestur sem hann nefnir „Endurreist sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna – upphafið að endalokum Sovétríkjanna.“

Í fyrirlestrinum mun Jón Baldvin ræða hver hlutur Íslands var í „þessu endatafli kalda stríðsins“, eins og segir í tilkynningu frá stjórn Bókmenntafélags jafnaðarmanna sem stendur fyrir fyrirlestrinum sem fram á að fara í fundarsal Þjóðminjasafnsins. **- gar**

Ný skýrsla frá Amnesty:

# 12 ára börn eru pynduð

**NÍGERÍA** Samkvæmt nýrri skýrslu Amnesty International sem ber heitið Welcome to hell fire: Torture and other ill-treatment in Nigeria, pynda lögregla og her í Nígeríu kerfisbundið konur, menn og börn allt niður í 12 ára gömul.

Margvíslegum aðferðum er beitt, svo sem barsmíðum, nauðgunum og skotárásum. Í skýrslunni kemur fram að fjöldi fólks er oft settur í varðhald í framhaldi af yfirgripsmiklu áhlaupi lögreglu og það pyndað í refsiskyni, til að fá fram játningu eða til að hafa af því peninga. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Íslandsdeild Amnesty International. **- fb**

Ákærður fyrir líkamsárás:

# Stakk sambýlismann í bakið

**DÓMSMÁL** Fimmtugur karlmaður er ákærður fyrir að hafa ráðist á sambýlismann sinn með hnífi á heimili þeirra í Reykjavík í ágúst í fyrra.

Samkvæmt ákæru stakk maðurinn sambýlismann sinn í bakið með þeim afleiðingum að hann hlaut þriggja sentimetra langan skurð neðarlega á baki, hrufl á baki og vinstri olnboga auk þess sem hann á að hafa slegið hann í höfuðið með skefti hnífsins þannig að hann fékk kúlur á höfuðið.

Þess er krafist að maðurinn verði dæmdur til að greiða fyrrverandi sambýlismanni sínum eina og hálfa milljón króna í miskabætur. **- hó**




Menntamálaráðherra ferðast um landið, heldur íbúafundi og kynnir Hvítbókina og markmið sín í menntamálum:

# Íslendingar ósáttir við stöðu læsis og námsframvindu

**MENNTAMÁL** „Það má segja að það geri sér allir grein fyrir því að það þarf að eiga sér stað einhver breyting,“ segir Sirrý Hallgrímsdóttir, aðstoðarmaður Illuga Gunnarssonar menntamálaráðherra, en þau ferðast nú vítt og breitt um landið til þess að kynna Hvítbókina.



SIRRÝ HALLGRÍMSDÓTTIR

„Við erum með íbúafundi um Hvítbókina og um menntamál almennt þar sem bæði kennarar, skólastjórnendur, foreldrar og aðrir sem hafa áhuga á menntamálum mæta og spjalla saman. Illugi fer yfir þau markmið sem hann hefur sett sér í menntamálum og hópurinn ræðir um mögulegar aðgerðir.“

Sirrý segir að vel hafi verið mætt á fundina en leiðangur ráðherra hófst nú í september og mun standa yfir í þrjár vikur. Þegar hefur hann heimsótt Norðurland og hluta Suðurlands. Á sunnudag var fundur í Vestmannaeyjum og á Patreksfirði í gærkvöldi. Seinnipart vikunnar ferðast ráðherra austur á land og kemur svo til með að enda í Reykjavík og nágrenni.

Að mati Sirrýjar hafa fundirnir verið ákaflega gagnlegir og í ljós hafi komið að enginn sé sáttur við þann stað sem Íslendingar eru á núna hvað varðar læsi og námsframvindu. Þriðjungur ungra drengja getur ekki lesið sér til gagns að loknu grunnskólanámi og innan við helmingur þeirra sem skrá sig til náms í framhaldsskóla klára það á tilsettum tíma.

En er teymið bjartsýnt á að það takist að snúa þessari þróun við? „Já, með sameiginlegu átaki. Þess vegna þarf að eiga sér stað ákveðin vitundarvakning. Það er meðal annars ástæða þess að ráðherra er að ferðast um landið og spjalla við fólk.“ **- nej**



**ÁHYGGJUEFNI** Þeir sem Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra hefur rætt við eru sammála um að staða læsis og námsframvindu á Íslandi sé ekki góð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SALAN JÓKST** Sala á kindakjöti jókst heldur í ágúst miðað við sama mánuð fyrir ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kjúklingurinn vinsælastur:

## Sala á kindakjöti eykst

**LANDBÚNAÐUR** Sala á kindakjöti var 642 tonn í ágúst en í sama mánuði í fyrra var salan 621 tonn. Þetta kemur fram á vef Landssambands sauðfjárbænda.

Ef litið er á tólf mánaða markaðshlutdeild er alifuglakjöt í fyrsta sæti með 32 prósenta markaðshlutdeild, kindakjöt er í öðru sæti með 27 prósenta markaðshlutdeild, svínakjöt í þriðja sæti með 24 prósent og nautakjöt með 15 prósent.

Ofangreindar tölur miðast eingöngu við heildsölu afurðastöðva á innlendu kjöti. Innflutt kjöt er ekki talið með. **- jme**

Ekki verið samið um veiðar:

## Engar síldveiðar við Grænland

**SJÁVARÚTVEGUR** Ekkert íslenskt skip hefur leyfi Fiskistofu til veiða á síld í grænlenskri lögsögu, enda eru ekki skilyrði til slíkrar leyfisveitingar þar sem enginn samningur er milli Grænlands og Íslands um síldveiðar.

Samkvæmt reglugerð um takmarkanir á veiðum íslenskra skipa úr deilistofnum í lögsögu annarra ríkja er ákvæði sem bannar slíkar veiðar nema með leyfi Fiskistofu.

Þessar reglur voru áréttaðar við íslenskar útgerðir í síðustu viku og grænlensk stjórnvöld hafa verið upplýst um stöðu mála. **- jme**

# Útlendingahræðslan virkar

Leiðtogar Svíþjóðardemókrata hafa á seinni árum reynt að skapa flokknum jákvæða ímynd. Öfgafyllstu meðlimir hans hafa verið reknir og flokksmönnum bannað að ganga í búningum sem minna á þýska nasista.

**SVÍÞJÓÐ** Svíþjóðardemókratarnir þykja að margra mati ekki í húsum hæfir í sænskri pólitík. Allir hinir stjórnmálaflokkar landsins, jafnt til hægri sem vinstri, hafa sameinast um að hafna öllu samstarfi við þá.

Samt sem áður unnu þeir mikinn kosningasigur á sunnudaginn, eina sigurinn sem svo má kalla í þessum kosningum. Nærri 800 þúsund kjósendur greiddu þeim atkvæði sitt, eða þrettán prósent þeirra sem mættu á kjörstað.

Þetta tryggði þeim 49 þingmenn á 349 manna þjóðþingi Svíþjóðar, og er flokkurinn þar með orðinn sá þriðji stærsti í landinu – næst á eftir Sósíaldemókrötum, sem eru með 113 þingmenn, og Hófsama flokknum, sem áður hét Hægriflokkurinn og fékk 84 þingmenn.

Sjálfir taka Svíþjóðardemókratar þetta sem skýrt merki um að nú verði ekki lengur hægt að útskúfa þeim. „Það væri ólýðræðislegt,“ sagði Richard Jomshof, einn þingmanna flokksins, að loknum kosningunum á sunnudagskvöld: „Ef sænska þjóðin gefur stjórnmálaflokki 13 prósent þá er ekki hægt að hunsa slíkan flokk.“

Eitt stærsta baráttumál flokksins hefur jafnan gengið út á það að stöðva þurfi straum innflytjenda til landsins. Þeir aðlagist samfélaginu illa og skárra væri að nota peninga úr ríkissjóði til að aðstoða fólk í öðrum löndum, svo það þurfi ekki að koma til Svíþjóðar. Aðallega eigi þó að nota peninginn til að hjálpa öldruðum heima fyrir og styrkja lögreglu og dómsvald til að draga úr glæpum.

Flokkur Svíþjóðardemókrata var stofnaður árið 1988, hafði frá upphafi margvísleg tengsl við nýnasista en komst aldrei til neinna áhrifa. Á seinni árum hafa leiðtogar flokksins lagt sig fram um að skapa flokknum jákvæða ímynd og gera hann kjósendavænni. Öfgafyllstu meðlimir flokksins hafa verið reknir úr honum, bann hefur verið lagt við því að menn gangi í búningum sem minna á þá sem þýskir nasistar notuðu og merki flokksins hefur verið breytt, þannig að það virki ekki jafn ógnvekjandi.




**JIMMIE ÅKESSON** Leiðtogi Svíþjóðardemókrata fagnar kosningasigrinum á sunnudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nú er áherslan sú, að flokkurinn sé óhræddur við að segja sannleikann, þótt óþægilegur kunni að vera. Til þess er ýmsum brögðum beitt.

„Rasismi er viðbjóðslegur,“ segir til dæmis í einu kosningamyndbanda flokksins frá því fyrir helgina. Þar talar ungur þeldökkur maður, sem síðan bætir við: „Að verja landið okkar, menninguna okkar og sögu okkar er ekki rasismi.“ Svo birtist hjá honum ung kona, ljós á hörund en asísk að uppruna, og segir: „Viljinn til að stöðva heiðursmorð, betl og mansal er heldur ekki rasismi.“

Þau tala bæði óaðfinnanlega sænsku, eru hvítklædd og alvarleg á svip. Leiðtogi flokksins, Jimmie Åkesson, kemur svo til þeirra, harla föðurlegur og segir: „Látið ekki eftirlitslögregluna og hræða valdhafa þagga niður í umræðunni.“

Þessi málflutningur, og áherslan á erfitt líf innfæddra, skilaði því að kjósendum flokksins fjölgaði um helming frá síðustu kosningum og þingsætum fjölgaði úr 20 í 49.

gudsteinn@frettabladid.is

### → Öfgastefna eða ekki?

Málflutningur Svíþjóðardemókrata hefur verið sagður öfgakenndur, en sjálfir segjast þeir aðeins vera að benda á óþægilegar staðreyndir.

Með öfgastefnu í stjórnmálum er oft átt við málflutning yst á hægri- eða vinstrijaðri hins pólítíska litrófs. Samkvæmt þeirri skilgreiningu er erfitt að greina á milli öfgastefnu og meinlausrar sérvisku af ýmsu tagi.

Öfgastefna hefur hins vegar einnig verið skilgreind þannig, að í henni felist afneitun á algildi mannréttinda og þeirrar grundvallarreglu að allir séu jafnir fyrir lögunum. Samkvæmt þeirri skilgreiningu eru öfgaflokkar ógn við tilveru ákveðinna hópa í samfélaginu.





Græna orkan býður til ráðstefnu 17. september næstkomandi á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38

Þátttökugjald er 12.500 kr. og hádegismatur er innifalinn. Skráning tilkynnist í glk@newenergy.is.

Kynntu þér dagskrána á grænaorkan.is




**STILLTU SÉR UPP** Ráðherrarnir stilltu sér upp á tröppum franska utanríkisráðuneytisins í París í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Utanríkisráðherrar funduðu saman í Frakklandi:

## Berjast saman við IS

**FRAKKLAND** Utanríkisráðherrar fjörutíu ríkja hafa heitið því að aðstoða írösk stjórnvöld í baráttu sinni gegn vígamönnum Íslamska ríkisins (IS). Verði „öllum ráðum beitt“ gegn samtökunum sem ráða yfir stórum landsvæðum í bæði Írak og Sýrlandi.

Fundur fulltrúa ríkjanna fór fram í París, höfuðborg Frakklands, í dag og var haldinn í boði Francois Hollande Frakklandsforseta og Fuads Masum Íraksforseta.

Hollande sagði við opnun fundarins að þörf væri á samhæfðum alþjóðlegum aðgerðum til að stemma stigu við framgöngu liðsmanna IS, en í frétt breska útvarpsins segir að bandaríska leyniþjónustan áætli að milli 20 og 31 þúsund vígamenn berjist nú undir merkjum IS í Írak og Sýrlandi.

Segir að fjörutíu ríki hafi nú heitið því að berjast saman gegn IS, þar af tíu arabaríki. **- aí**

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Litli tónsprotinn

Áskrift að skemmtun fyrir alla fjölskylduna þar sem ungir tónlistarunnendur kynnast töfrum tónlistarinnar.



## Ástarsaga úr fjöllunum

Lau. 4. okt. » 14:00

Í Ástarsögu úr fjöllunum eftir Guðrúnu Helgadóttur eru dregnar upp litríkar hljóðmyndir af dulúðugum, spennandi og tregafullum heimi tröllanna. Egill Ólafsson situr við sögusteininn undir kraftmiklum myndum Brians Pilkington. Tröllslega skemmtilegir tónleikar, stútfullir af ást.

***Guðni Franzson***
*hljómsveitarstjóri og tónskáld*
***Egill Ólafsson** sögumaður*

## Jólatónleikar Sinfóníunnar

Lau. 13. des. » 14:00 og 16:00

Sun. 14. des. » 14:00

Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar hafa notið gífurlegra vinsælda og eru fastur liður í jólahaldi margra fjölskyldna á Íslandi. Í ár, sem endranær, verður hátíðleikinn í fyrirrúmi þar sem sígild jólalög og klassísk balletttónlist er í forgrunni.

***Bernharður Wilkinson***
*hljómsveitarstjóri*
***Trúðurinn Barbara** kynnir*

## Hetjur og valkyrjur

Lau. 14. feb. » 14:00

Í Hetjum og valkyrjum er farið í spennandi ferðalag um lendur hljómmikilla og gáskafullra tónverka. Indiana Jones, Vilhjálmur Tell, hugrakka stúlkan Mulan og valkyrjan Guðrún í Djáknanum á Myrká eru túlkuð af Sinfóníuhljómsveit Íslands á óviðjafnanlegan hátt.

***Bernharður Wilkinson***
*hljómsveitarstjóri*
***Trúðurinn Barbara** kynnir*

## Dimmalimm og Svanavatnið

Lau. 25. apríl » 14:00

Listmálarinn Muggur samdi ævintýrið um Dimmalimm handa lítilli íslenskri frænku sinni. Gullfallegum myndum málarans verður varpað upp meðan á flutningi ævintýrsins stendur við tónlist Atla Heimis Sveinssonar. Tónleikunum, þar sem hversdagsleikinn er hvergi nálægur, lýkur á völdum þáttum úr Svanavatninu eftir Tsjajkovskíj.

***Bernharður Wilkinson***
*hljómsveitarstjóri*
***Trúðurinn Barbara** kynnir*

Verð á 4 tónleika aðeins **6.720/8.000 kr.**

@icelandsymphony #tonsprotinn

**Miðasala** » www.sinfonia.is » www.harpa.is » Miðasala í anddyri Hörpu » Sími: 528 5050 » Opið 9-18 virka daga og 10-18 um helgar

# SKOÐUN

Skýrist launamunur kynja af launaleynd?

## Fiff og feluleikir

Bakslag í launajöfnuði kynjanna hefur enn og aftur skotið upp kollinum. Það virðist vera óvinnandi vegur að koma því í gegn að konur og karlar fái greidd sömu laun fyrir sömu vinnu, þrátt fyrir að lög hafi kveðið svo á um áratugum saman. Jafnvel þótt grunnlaun séu þau sömu virðast karlar lunknari við að næla sér í alls kyns sporslur og fríðindi framhjá launastefnum. Eða hvað? Er raunin kannski sú að launagreiðendum þyki það ennþá óeðlilegt að bjóða körlum sömu laun og sessunautum þeirra af kvenkyni og séu því duglegri að bjóða þeim hærri laun í formi óunninnar yfirvinnu – hvað sem það nú þýðir – bílastyrkja og annarra fríðinda? Allt með leynd auðvitað.



**Friðrika Benónýsdóttir**

fridrikab@frettabladid.is

Árni Stefán Jónsson, formaður Starfsmannafélags ríkisins, segir í frétt Fréttablaðsins í dag að þessi háttur hafi fylgt ríkisstarfsmönnum lengi.

Hann segir að það verði til einhver menning í kringum þessi launamál, það verði til feluleikur. Stjórnendur ríkisstofnana búi til óunna yfirvinnu eða aðrar sporslur til þess að fela laun gagnvart öðrum starfsmönnum og jafnvel til þess að fela laun gagnvart ráðuneytinu. Það er sem sagt ekki nóg með að launaleyndin ali á óvissu og tortryggni milli starfsmanna heldur er líka verið í feluleik gagnvart launagreiðandanum, ríkinu sjálfu. Grunnlaununum er haldið niðri vegna þess að ríkið græðir á því að halda þeim í lágmarki vegna skuldbindinga gagnvart lífeyrissjóðum. Feluleikurinn er sem sagt margfaldur og eins og Árni Stefán segir gæti ástæðan hugsanlega verið sú að það sé auðveldara að taka óunna yfirvinnu aftur af starfsfólkinu en að draga launahækkanir til baka þegar fólk hefur verið hækkað um launaflokk. Ofan á það bætist að í þessari launaþoku skortir yfirsýn yfir raunverulegar launahækkanir og þar á meðal þá áráttu að borga körlum í raun hærri laun en konum, hvað sem lögin segja.

Það heldur nefnilega ekki vatni að ástæðan fyrir þessum mun sé hvað karlar séu miklu fylgnari sér og duglegri að halda sínum hlut í launasamningum. Undirliggjandi er sú gamla klisja að karlar séu fyrirvinnur heimila og þurfi því hærri laun til að geta framfleytt fjölskyldunni, þar á meðal konunni sem ekki nýtur sömu sömu launakjara og þeir. Það er með algjörum ólíkindum á því herrans ári 2014 að enn sé leynt og ljóst álitið að karlinum beri að hafa konuna á framfæri ef hún er ekki matvinnungur, en það þarf ekki að grafa djúpt undir yfirborð umræðunnar til að það viðhorf skjóti upp kollinum. Svo ekki sé nú minnst á allar „fræðigreinarnar“ á netinu sem fullyrða að sjálfsmynd og sjálfsálit karlmanna skerðist sé konan launahærri en þeir. Það sé árás á karlmennskuna að borga konum sömu laun og körlunum þeirra. Það var og.

Skýringarnar á launamuninum eru eflaust margar en launaleyndin er þó mesti sökudólgurinn. Á meðan hún er við lýði er erfitt fyrir konur að rísa upp og brjóta þennan hvimleiða ósið á bak aftur. Hvernig á að sigra óvin sem ekki sést? Það hlýtur að vera lágmarkskrafa að látið sé af þeim feluleik sé einhver áhugi í raun fyrir hendi á því að jafna launamuninn.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTARITSTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN
Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*



Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25–54 ára

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Snjallur spilari

Það er bersýnilegt að formaður fjárlaganefndar, Vigdís Hauksdóttir, hefur nokkurn tíma aflögu. Fréttavefurinn Vísir greindi frá því í gær að hún er mjög snjöll í leiknum Candy Crush og sjálf segist hún vera komin upp í borð 580. Hún segist líka vera mikil skákdrottning og spila Candy Crush dálítið eins og skák. Væntanlega mun þó verða minni tími aflögu núna, þegar Alþingi er tekið til starfa að nýju og styttist í að fjárlaganefnd taki fjárlagafrumvarpið til meðferðar, eins og þingsköp gera ráð fyrir.

### Ástæðulaust að missa trúna

Þorsteinn Sæmundsson og fleiri þingmenn hafa að nýju lagt fram þingsályktun um að ríkið kanni möguleika á því að reisa áburðarverksmiðju. Þorsteinn lagði svipaða tillögu fram á síðasta þingi. Hann segir tilganginn vera að laða brottflutta Íslendinga aftur heim og skapa þeim tækifæri og atvinnuöryggi í framtíðinni. Það hefur ekki öllum íslenskum nýsköpunarfyrirtækjum, sem greiða vel menntuðu fólki há laun, vegnað vel að undanförnu. En það er nú samt óþarfi hjá Þorsteini að missa alveg trúna á nýsköpun.



### Umhugsunarefni fyrir hægrimenn

Hannes Hólmsteinn Gissurarson skrifar pistil á Pressuna í gær þar sem hann leggur út frá niðurstöðum sænsku þingkosninganna. Hann segir meðal annars að kjósendur í Svíþjóð hafi viljað takmarka innflutning fólks til Svíþjóðar, sérstaklega ef innflytjendur þar fari beint á bætur, með því að kjósa jaðarhægriflokk í meira mæli en áður. Þessi þróun, sem megi einnig sjá á Englandi, hljóti að vera íslenskum hægrimönnum umhugsunarefni – skilaboðin séu skýr. Það er nokkuð ofsögum sagt hjá Hannesi að skilaboðin séu skýr. Vill hann að íslenskir hægrimenn taki upp sömu stefnu og jaðarhægriflokkar annars staðar í Evrópu og feti brautir innflytjendaandúðar?



jonhakon@frettabladid.is, fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Hugleiðingar á degi íslenskrar náttúru

UMHVERFISMÁL



**Sigurður Ingi Jóhannsson**
umhverfis- og auðlindaráðherra

Okkur Íslendingum finnst landið okkar fagurt og merkilegt. Vissulega er fegurð afstætt hugtak, en við getum þó með nokkru rökstutt þessa skoðun okkar. Hér er fjölbreytt landslag og stórbrotin náttúra, frá brimsorfnum ströndum til óbyggðra víðerna, þar sem spúandi eldgígar gjósa nú við jökulsporð. Við erum heldur ekki ein um þessa skoðun, því sérstök náttúra Íslands dregur æ fleiri erlenda ferðamenn til sín. Á sama tíma fjölgar stöðugt þeim Íslendingum sem sækjast eftir því að njóta náttúrunnar til útivistar og ferðalaga.

Um leið hafa menn áhyggjur af því að íslenskir ferðamannastaðir séu ekki í stakk búnir til að taka við þeim fjölda ferðamanna sem sækja þá heim. Í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu er unnið að gerð frumvarps sem tekur til þess með hvaða hætti best verði að byggja upp og jafnframt að viðhalda ferðamannastöðum til lengri tíma í formi framkvæmdaáætlunar. Gert er ráð fyrir að leggja fram þingsályktunartillögu á Alþingi til tólf ára, þar sem fram kemur hvernig uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum verður háttað.

Þá er unnið að því í atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu að útfæra leiðir til að fjármagna uppbyggingu og viðhald á ferðamannastöðum. Mikilvægt er að hafa víðtækt samráð svo ekki myndist gjá á milli ferðaþjónustunnar og almennings í landinu.

**➜ Með aukinni umferð um landið eykst hættan á mengun lífríkis og vistkerfis, sem eru í raun undirstaða tilveru okkar.**

Nauðsynlegt er að tryggja, eins og áður, sanngjarnan rétt almennings til frjálsrar farar svo hann geti notið náttúru landsins, án þess að gengið sé á hagsmuni sem þar kunna að liggja fyrir. Spyrja má hvort ekki þurfi að skilja betur að almannaréttinn, þ.e. rétt einstaklinga til frjálsrar farar um landið og svo þeirra sem taka gjald fyrir að fara með ferðamenn um land í eigu annarra.

Þá þurfum við að huga að fagurri ásýnd náttúrunnar og skilja ekkert eftir sem ekki á þar heima. Með samstilltu átaki getum við í sameiningu gætt þess að halda landinu hreinu og umgangast náttúruna af virðingu. Þar þurfum við að byrja á okkur sjálfum og brýna fyrir börnum okkar þá hugsun að henda ekki rusli á almannafæri.

Megi dagur íslenskrar náttúru verða okkur öllum ánægjulegur.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Hin eina sanna megrunarpilla



HEILSA
**Teitur Guðmundsson**
læknir

Við horfum fram á verulegan vanda í flestum vestrænum þjóðfélögum og víðar reyndar, sem felst í geysilegri þyngdaraukningu heilu samfélaganna frá barnsaldri til elliáranna. Hér á Íslandi glímum við við sömu atriði og allir hinir og okkur er ekki að takast sérlega vel að leysa úr þeim, ekki frekar en öðrum þjóðum. Það mun reynast okkur dýrkeypt ef við náum ekki að snúa þróuninni við og munu lífsstílssjúkdómar herja enn frekar á okkur en þegar er orðið með tilheyrandi kostnaði og vanheilsu. Ástæður þessa geta ekki verið annað en fjölþættar og þar af leiðir að lausnin getur aldrei orðið önnur en fjölþætt. Þá er deginum ljósara að erfðir, umhverfi og uppeldi spila mjög stórt hlutverk í þróun lífsstílssjúkdóma

### Mikill markaður fyrir töfralausnir

Þegar tekist er á um það í hvaða átt skal haldið koma til persónulegt valfrelsi hvers einstaklings hvort heldur sem er varðandi fæðu eða hreyfingu, pólitískar ákvarðanir um skattlagningu eða skattfrelsi á matvöru svo dæmi séu tekin auk stefnumörkunar í lýðheilsu- og heilbrigðismálum. Peningar skipta máli, bæði ráðstöfunartekjur einstaklinga sem og ríkisins. Þá má að sjálfsögðu ekki gleyma þeim þætti er lýtur að fræðslunni sem er gífurlega mikilvæg og nauðsyn þess að gefnar séu góðar og gagnlegar upplýsingar. Krafan um að þær séu gagnreyndar er sterk af hálfu fræðasamfélagsins, en eðli málsins samkvæmt verður hluti þeirra engu að síður ekki á þeim forsendum. Þó má ætla að alltaf sé byggt á nýjustu þekkingu hvers tíma, hverju sinni.

Hafandi sagt þetta er ljóst að markaðurinn fyrir töfralausnir er gríðarlega mikill og „hin eina sanna megrunarpilla" mun gera hvern þann sem hana þróar og selur auðugri en hann getur ímyndað sér, svo fremi sem hún virkar. Lauslega áætlað er á bilinu fimmtungur til þriðjungur einstaklinga í vestrænum ríkjum í ofþyngd/offituástandi, eftir því hvernig á það er litið og má ætla að verulegur hluti þeirra sé einmitt að leita lausna. Sú lausn hefur enn ekki fundist í raun og mörg lyf sem þróuð hafa verið í þessum tilgangi hafa farið af markaði sökum aukaverkana og/eða lélegrar sölu, en markaðslegur ávinningur er gríðarlegur fái lyf skráningu og sé talið virkt, jafnvel bara í stuttan tíma. Því halda lyfjafyrirtækin að sjálfsögðu áfram rannsóknum og nú fyrir nokkrum dögum fékk enn eitt slíkt lyf leyfi frá FDA (Food and Drug Administration) í Bandaríkjunum, en það á líka að virka fyrir þá sem flokkast í ofþyngd en eru með háan blóðþrýsting, sykursýki eða blóðfituhækkun. Semsé fullt hús.

### Spaugilegur árangur

Það má segja að það sé næsta spaugilegt að lesa um þann árangur sem lyfið á að ná en þarna er verið að blanda saman tveim þekktum lyfjum, annars vegar geðlyfi og hins vegar lyfi gegn fíkn. Útkoman er pilla sem á að hafa áhrif á löngunina til að borða. Lyfið fær markaðsleyfi þrátt fyrir að vísindamennirnir sem þróuðu það viti ekki alveg hvernig það virkar. Þess er krafist að frekari rannsóknir verði gerðar með tilliti til öryggis gagnvart sjúklingum sem eiga æðaáföll á hættu, sem er auðvitað stór hluti af þeim sem glíma við lífsstílssjúkdóma. Til viðbótar við þetta kemur fram að lyfið virki ekki eitt og sér heldur eingöngu hjá þeim sem taka til í mataræði sínu og hreyfingu samtímis, sem reyndar er grundvallaratriði hjá öllum sem ætla að megrast! Best þótti mér þó að munurinn sem ætla má að náist er 5% meira þyngdartap með notkun þessa lyfs í samanburði við lyfleysu. Þið munið kannski að ég sagði að lyfið hefði áhrif á löngunina til að borða, í rannsóknum kom fram að 34% þátttakenda kvörtuðu um ógleði, aðrar aukaverkanir voru niðurgangur, uppköst, svimi, munnþurrkur og hægðatregða. Er nema von að þátttakendur á lyfinu hafi grennst meira en þeir á lyfleysu? Ég bara spyr.

### Enn langt í land

Með þetta nýjasta megrunarlyf á markaði og jafn auman árangur held ég að megi fullyrða að langt sé í land að við finnum hina einu sönnu megrunarpillu. Það liggur fyrir að við glímum við stórkostlegan heilsuvanda til framtíðar sem verður einungis leystur með samtakamætti allra hagsmunaaðila. Þá er líka ljóst að fræðsla og stuðningur við rétt val á fæðu og hreyfingu fyrir hvern og einn einstakling auk andlegrar styrkingar hans mun alltaf vega þyngra en nokkuð annað og er eina leiðin að langtímaárangri.

# Vilt þú vera boðberi hreyfingar?



HEILSA
**Sabína Steinunn Halldórsdóttir**
landsfulltrúi UMFÍ og verkefnastjóri Hreyfiviku

Hver er þín uppáhaldshreyfing? Talið er að um 600.000 þúsund dauðsfalla í Evrópu megi rekja beint til hreyfingarleysis. Flestir sem hreyfa sig ekki segja ástæðuna vera peningaskort. Það er margt hægt að gera til að bæta lífsgæði sem hvorki kostar krónu né fyrirhöfn. Mestu máli skiptir að hafa gaman af hreyfingunni hverju sinni því það eykur líkurnar á því að maður viðhaldi heilbrigðum lífsstíl.

Það eru skilaboðin í samfélaginu og boðskapurinn sem skiptir máli. Frá því að við vöknum á morgnana og förum að sofa á kvöldin þá erum við að hreyfa okkur og öll hreyfing telur. Hins vegar þurfum við að fá hjartað til að pumpa duglega að minnsta kosti í 30 mínútur á dag til að endurnýja frumurnar okkar og þannig bæta heilsuna – helst 60 mínútur á dag. Alltof margir velja kyrrsetulífsstíl í stað þess að uppfylla ráðlagðan dagskammt. Við pössum okkur að hafa símann okkar vel hlaðinn til að hann nýtist yfir daginn en hvað með líkamann okkar – hans hleðsla er hreyfing, holl næring og góður svefn.

Hvernig fáum við fleiri til að hreyfa sig? Alls staðar í heiminum er reynt að finna töfralausnina og það á einnig við um Hreyfivikuna, Move Week, sem fer fram um gjörvalla Evrópu dagana 29. september til 5. október 2014 – en bara aðeins öðru vísi!

### Klæðskerasniðið

Hreyfivikan Move Week er herferð International Sport and Culture Association (ISCA) sem hefur það að markmiði að kynna kosti þess að hreyfa sig reglulega. Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) er aðili að ISCA og tekur þátt í verkefnum samtakanna.

Framtíðarsýn herferðarinnar er „að 100 milljónir fleiri Evrópubúa verði orðnir virkir í hreyfingu og/eða íþróttum fyrir árið 2020". Það sem er öðru vísi við þessa herferð er að hún er ekki sniðin að ákveðinni íþrótt eða hreyfingu. Allir geta klæðskerasniðið sína Hreyfiviku og nýtt til þess þá kosti sem samfélag þeirra býr yfir til að smita frá sér jákvæðri nálgun á hreyfingu.

Sambandsaðilar UMFÍ, sveitarfélög, einstaklingar og fyrirtæki um allt land, taka þátt í Hreyfivikunni. Fjöldi viðburða og tækifæra verður um allt land til að kynna sér fjölbreytta hreyfingu. Því er um að gera að fylgjast með á http://www.iceland.moveweek.eu/. UMFÍ hefur fengið til liðs við sig Trópí og Nettó sem munu hvetja almenning í Hreyfivikunni og hafa appelsínugular heilsuvörur á tilboði í lit herferðarinnar.

Vilt þú vera boðberi hreyfingar? Skráðu þig sem boðbera á heimasíðunni og bjóddu upp á viðburð, því saman getum við gert frábæra hluti. Áfram við, öll!




ÞÚ KEMST ALLRA ÞINNA FERÐA Á NISSAN LEAF FYRIR EINUNGIS BROT AF ELDSNEYTISKOSTNAÐI HEFÐBUNDINS BÍLS

**5 ÁRA ÁBYRGÐ**
Öllum Nissan Leaf rafbílum sem BL ehf. selur fylgir 3 ára verksmiðjuábyrgð auk 5 ára verksmiðjuábyrgðar á rafhlöðu sem tryggir þig fyrir mögulegum bilunum, innköllunum eða uppfærslum á búnaði sem kunna að koma upp yfir ábyrgðartímann.

**NOTAÐUR BÍLL SEM INNÁBORGUN**
Þeir sem kaupa Nissan Leaf Nordic rafbíl frá BL ehf. geta greitt hluta kaupverðsins með notuðum bíl. Restina er hægt að taka að láni að hluta eða öllu leyti.

**45 DAGA SKIPTIRÉTTUR**
Langar þig að prófa en ert ekki viss? Öllum Nissan Leaf Nordic rafbílum sem BL ehf. selur fylgir 45 daga skiptiréttur.**

**Ef viðskiptavinur sem keypt hefur Nissan Leaf Nordic telur bílinn ekki henta þörfum sínum bjóðum við 45 daga skiptirétt. Viðskiptavinur getur þá skilað bílnum og látið kaupverðið ganga upp í kaup á sambærilegum eða dýrari nýjum bíl frá BL ehf. Miðað er við að bíllinn sé ekinn að hámarki 1.500 km á tímabilinu.

*Miðað við verðskrá ON 10.09.2014 og 1.250 km akstur á mánuði / 15.000 km á ári.

BL **BL ehf** / Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080

## MERKISATBURÐIR

**1508** Ferja sekkur á Ölfusá með tugi manna og farast yfir 30 manns á leið frá messu í Kaldaðarnesi í Flóa.

**1810** Mexíkó lýsir yfir sjálfstæði frá Spáni.

**1940** Tvö íslensk skip, Arinbjörn hersir og Snorri goði, bjarga um 400 manns af franska flutningaskipinu Asca sem ferst á Írlandshafi eftir árás þýskrar flugvélar.

**1963** Lyndon B. Johnson, varaforseti Bandaríkjanna, kemur til Íslands í opinbera heimsókn.

**1970** Hussein, konungur Jórdaníu, setur herlög í landinu til að hindra palestínska uppreisnarmenn í að ná þar völdum.



**1979** Minnisvarði er afhjúpaður á **Hólmavík** um Hermann Jónasson ráðherra, sem í áraraðir var þingmaður Strandamanna og Vestfirðinga.

**1989** Erró, Guðmundur Guðmundsson listmálari, gefur Reykjavíkurborg tvö þúsund listaverk eftir sig og er þeim komið fyrir á Korpúlfsstöðum.

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ELÍN GUÐBJÖRNSDÓTTIR**
**Lynghaga 14,**

lést föstudaginn 12. september síðastliðinn. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 19. september kl. 13.00.

**Guðbjörn Björnsson** **Júlíana B. Erlendsdóttir**
**Júlía Björnsdóttir**
**Anna Guðný Björnsdóttir** **Björn Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,

**HÖRÐUR JÓNSSON**
**efnaverkfræðingur,**
**Strikinu 2, Garðabæ,**

lést á Landspítalanum föstudaginn 12. september sl. Útförin fer fram frá Garðakirkju 19. september kl. 13.00.

**Þorgerður Brynjólfsdóttir**
**Ævar Harðarson** **Gerður Tómasdóttir**
**Gunnar Örn Harðarson** **Anna Kristinsdóttir**
**Brynjólfur Birgir Harðarson** **Sif Hauksdóttir**
**Hörður Már Harðarson** **Guðfinna Dröfn Aradóttir**
**Svava Jónsdóttir**
**barnabörn.**

---



Eiginkona mín,

**SIGRÚN ELÍSABET SIGURJÓNSDÓTTIR**

sem lést mánudaginn 25. ágúst sl. verður jarðsungin frá Fossvogskapellu miðvikudaginn 17. september kl. 13.00.

**Pálmi Jónsson og aðstandendur**

---



Innilegar þakkir fyrir hlýhug og auðsýnda samúð við andlát og útför okkar elskulega eiginmanns, föður, stjúpföður, tengdaföður, afa og langafa,

**KNÚTS BJÖRNSSONAR**
**lýtalæknis.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk lungnadeildar A6 á Landspítalanum fyrir einstaka umönnun og hlýhug.

**Kristjana Ellertsdóttir**
**Sólveig Knútsdóttir**
**Sigurveig Knútsdóttir**
**Sæmundur Knútsson**
**Kári Knútsson** **Erla Ólafsdóttir**
**Steinunn Knútsdóttir** **Eiríkur Smári Sigurðarson**
**Björn Knútsson** **Sigrún Þorgilsdóttir**
**Ellert Sigurðsson**
**Þór Snær Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

**ÞETTA GERÐIST:** 16. SEPTEMBER 1936

## Pourquoi Pas? strandaði út af Straumfirði


JEAN-BAPTISTE CHARCOT

Vísindamaðurinn franski Jean-Baptiste Charcot fórst, ásamt 37 öðrum skipverjum, þennan dag árið 1936 er rannsóknaskipið Pourquoi-pas? fórst í ofviðri í skerjagarðinum við Álftanes á Mýrum.

Skipið var komið suður að Garðskaga á leið frá Reykjavík til Kaupmannahafnar þegar ofviðri skall á. Sneri það þá við til að leita lægis en dimmviðri var mikið. Hrakti skipið vestur undir Mýrar og barst þar af einu skeri á annað uns það nam staðar á skerinu Hnokka út af Straumfirði. Þá varð ketilsprenging í skipinu.

Brimið gekk yfir skipið og skoluðust skipverjar fyrir borð einn af öðrum, þó komnir í björgunarbelti. Aðeins einn maður komst lífs af, hann náði taki á lausri landgöngubrú sem flaut framhjá honum og barst með henni að landi.

Áður en Charcot gekk í dauðann fór hann undir þiljur að frelsa máf sem hann hafði alið frá því hann var við Grænland. Sá sveif frjáls út í geiminn.




**FRÆÐAPULUR OG FLUGMAÐUR** „Ég þurfti ekki nema að bregða mér á loft í tvær mínútur til að sjá hvað væri að gerast,“ segir Ómar sem var í nágrenni gosstöðvanna norðan Vatnajökuls í þrjár vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Símaskráin 1948 opnaði mér nýja sýn á landið

**Dagur íslenskrar náttúru er í dag. Hann var fyrst haldinn hátíðlegur 2010, á sjötugsafmæli Ómars Ragnarssonar vegna framlags hans til náttúruverndar og almenningsfræðslu. Ómar verður með sögur, myndir, ljóð og lög í Bókasafni Seltjarnarness í dag.**

„Það var alþýðumaður úti í bæ sem hringdi inn í síðdegisútvarpið fyrir fjórum árum og kom með uppástungu um að gera afmælisdaginn minn að degi íslenskrar náttúru og áður en varði var bara búið að ákveða að svo yrði,“ rifjar Ómar Ragnarsson upp þegar honum er óskað til hamingju með daginn. Skyldi hann ekki hafa verið stoltur? „Ég átti bara ekki orð. Mest varð ég undrandi þegar ég fór að hugsa um að við værum búin að vera með dag íslenskrar tungu í næstum áratug áður en einhverjum datt í hug að íslensk náttúra gæti kannski verðskuldað dag.“

Ómar var bara átta ára þegar hann fékk óbilandi áhuga á Íslandi og náttúru þess og man þann dag. „Það var þegar ég sá símaskrána 1948 í fyrsta skipti,“ segir hann. „Símaskráin 1948 opnað mér nýja sýn á landið. Hún er áhrifamesta bók sem ég hef séð af því þar var kort af Íslandi með neti af símalínunum og líka kort af heiminum með yfirliti yfir helstu fjarskipti innan hans. Þetta var opinberun fyrir mig sem krakka og upp frá því varð ég alger landafræðinörd.“

Ómar er nýlega kominn úr þriggja vikna dvöl á gosstöðvunum norðan Vatnajökuls, þar sem hann bjó í húsbíl á Sauðárflugvelli. „Ég vildi fylgjast með gosinu og það var miklu auðveldara að vera á Sauðárflugvelli en annars staðar. Ég þurfti ekki nema að bregða mér á loft í tvær mínútur til að sjá hvað væri að gerast,“ útskýrir hann. „Völlurinn er með fimm brautir og er sá næststærsti á landinu á eftir Keflavíkurvelli, viðurkenndur og skráður með alþjóðastimpli. Það getur komið sér vel því allar vélar sem fljúga innanlands á Íslandi geta lent þar, meira að segja Fokker,“ segir hann.

Eins og flestir vita er Ómar eins og alfræðirit um íslenska náttúru. Nú býður Bókasafn Seltjarnarness til stefnumóts við hann í dag klukkan 17 í tilefni dagsins. Hvað skyldi hann ætla að spjalla um?

„Þetta verða nánast eins og tónleikar með kynningum á milli. Í fyrra frumsýndi ég sjö mínútna stuttmynd sem heitir Íslands ljóð, ég geri ráð fyrir að sýna hana. Ég hef stundum farið í skóla með tæpan klukkutíma af spjalli um íslenska náttúru, vídeómyndir og söng. Er með helstu söngvara landsins á þessum myndböndum eins og Kristin Sigmunds, Diddú og Egil og Bubba. Þau syngja um þau fyrirbæri sem ég er að kynna því að á bak við textana eru sögur.

> **„Eitt ljóðið mitt fjallar um svæðið fyrir norðan Vatnajökul sem einmitt er að láta okkur vita af sér núna og á engan sinn líka í heiminum.**

Eitt ljóðið mitt fjallar um svæðið fyrir norðan Vatnajökul sem einmitt er að láta okkur vita af sér núna og á engan sinn líka í heiminum. Það heitir Króna landsins og er sungið af Diddú og Agli Ólafssyni. Bubbi syngur lagið Maður og hvalur. Bak við það er sagan af enska drengnum sem kom sérstaka ferð til Íslands til að sjá hval áður en hann dæi og sagan af Fjalla-Eyvindi og Höllu er í lögunum Flökkusál og Jól útlaganna. Þannig að hvert lag hefur sitt meginstef og er myndskreytt og sungið af eins góðu fólki og hægt var að fá.“

gun@frettabladid.is

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ


## UPPLÝSINGAR UM EBÓLU

**Ebóluveiran hefur herjað á Vestur-Afríku undanfarið. Margir eru vitanlega áhyggjufullir um framhaldið. Þeir sem vilja vita meira um ebólu geta farið á landlaeknir.is en þar er sérflipi með upplýsingum um ebólu.**


TUPPERWARE LAGERSALA
í Háholti 23, Mosfellsbæ

Frábærar vörur í miklu úrvali

**Allt að 60% afsláttur!**

Opið alla virka daga kl. 11:00-17:00

**Mirella ehf – heildverslun**
Háholt 23, 270 Mosfellsbær
Sími: 586 8050 / Netfang: mirella@simnet.is



Burt með kvef og flensu!


Inniheldur m.a. A-, C- og D-vítamín, sink, kopar, selen, hvítlauk og elderberry.

Styrktu ónæmiskerfið fyrir veturinn!

Útsölustaðir:
Hagkaup, Heilsuhúsið, Apotekarinn Helluhrauni, Lifandi markaður og Gamla apótekið.



Meirapróf

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737
Næsta námskeið hefst 17. september 2014





# BÓLURNAR BURT

**GENGUR VEL KYNNIR** *Salcura Antiac-húðvörur eru 100% náttúrulegt meðferðarúrræði sem getur veitt langvarandi bata við bólum, fílapenslum, stífluðum fitukirtlum og óhreinni húð. Frábær árangur, auðvelt í notkun og engar aukaverkanir.*

Það eru ekki einungis unglingar sem glíma við bólur heldur fólk á öllum aldri. Antiac-vörurnar frá Salcura eru kærkomin hjálp í baráttunni við óhreina húð," segir Elísabet Guðmundsdóttir, vörustjóri Salcura hjá Gengur vel ehf.

**Salcura Antiac Activ Liquid Spray** inniheldur einstaka náttúrulega formúlu sem hreinsar húðina innan frá og út. Spreyið fer djúpt inn í húðina, kemur jafnvægi á fituframleiðslu hennar og stuðlar að hreinsun hennar. Allar vörur í húðlínu Salcura Antiac innihalda aðeins náttúrulegar ilmkjarnaolíur, vítamín og steinefni til að hreinsa, róa og sótthreinsa húðina.

**Antiac Activ Gel Serum** notast beint á bóluna. Öflug innihaldsefnin minnka bólgu og sýkingu. Sjáanlegur munur á bólunni á innan við 4 klst.

**Antiac-andlitshreinsir** ph-hlutlaus djúphreinsandi andlitshreinsir.

Hentar öllum húðgerðum.

**Antiac Daily Face Wipes** mildir hreinsiklútar. Henta öllum húðgerðum. Tilvalið í íþróttatöskuna eða í ferðalagið.

**VIRKU INNIHALDSEFNIN ERU:**
Tea Tree-olía sem er einstaklega bakteríudrepandi og eyðir sýkingum fljótt, Manuka-olía, einstaklega græðandi, Sea Buckthorn- og Eucalyptusolía ásamt Aloe Vera sem draga úr bólgu og róa húðina.

### FYRIR ALLA SEM ÞJÁST AF

- *Bólum*
- *Fílapenslum*
- *Kýlum*
- *Óhreinni húð*

### ALLAR VÖRURNAR ERU ÁN

- *Parabena*
- *Benzoylperoxíðs*
- *Sýklalyfja*
- *Ætandi efna*



**ELÍSABET GUÐMUNDSDÓTTIR**
Viðskiptastjóri Salcura hjá Gengur vel ehf.




**TILBOÐ**
Tilboðspakkningin inniheldur Salcura Antiac-sprey, 100 ml, og Daily Face Wash sem fylgir með í kaupbæti.

**ÚTSÖLUSTAÐIR**
Flest apótek og heilsubúðir.
Nánari upplýsingar á: www.gengurvel.is.




*Gjöf handa þér og þínum*
Tékk KRISTALL
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955


# MARGIR HREYFA SIG EKKERT

**LÍFSSTÍLL** *Þrátt fyrir að það sé löngu sannað að hreyfing bætir heilsu og lífsgæði fólks er enn langt í land að líkamsrækt sé fyrir alla. Í nýlegri könnun í Svíþjóð kemur fram að fimmti hver Svíi hreyfir sig ekkert.*

Rúmlega eitt þúsund Svíar voru nýlega spurðir um líkamsrækt og hreyfingu. Í ljós kom að þótt hreyfing sé töluvert í tísku og mikið um hana rætt hefur ekkert breyst í betri átt frá því 2011 þegar Norræna ráðherranefndin lét gera slíka könnun. Þátttakendur voru spurðir eftir búsetu í Svíþjóð og kom í ljós að mjög misjafnt er eftir bæjarfélögum hversu virkir bæjarbúar eru. Má nefna að í heildina eru um 38% Svía óánægð með líkamlegt ástand sitt. Í Kalmar eru 65% óánægð en bara 8% á Gotlandi. Annar hver Svíi stundar hreyfingu einu sinni í viku á meðan fimmti hver hreyfir sig ekkert. Um 37% segja að þau vanti hvatningu til þess að hreyfa sig.

### DÝRT FYRIR SAMFÉLAGIÐ

Fólk sem hreyfir sig ekkert er dýrt fyrir samfélagið, samkvæmt rannsóknum sem sænska Lýðheilsustofnunin hefur gert. „Við vitum að við lifum lengur og heilsan er betri hjá þeim sem hreyfa sig,“ segir Daniel Almgren. „Það er þó ekki þannig að ef við hreyfum okkur í einn dag verðum við hress þann næsta. Við þurfum stöðuga hreyfingu. Nauðsynlegt er að byrja rólega. Margir kaupa árskort í janúar en eru hættir í mars. Það þarf að setja sér langtímamarkið og hafa hreyfinguna fjölbreytta. Hreyfing getur verið margvísleg, til dæmis sund eða hjólreiðar.“

| THE NOVEMBER MAN LÚXUS | KL 10.10 | 16 |
| PÓSTURINN PÁLL ÍSL TAL 2D | KL 3.30 - 5.45 | L |
| PÓSTURINN PÁLL ÍSL TAL 3D | KL 3.30 | L |
| PARÍS NORÐURSINS | KL 3.30 - 5.45 - 8 | 12 |
| PARÍS NORÐURSINS LÚXUS | KL 8 | 12 |
| THE GIVER | KL 10.10 | 12 |
| LET'S BE COPS | KL 5.45 - 8 - 10.20 | 12 |
| LET'S BE COPS LÚXUS | KL 3.30 - 5.45 | 12 |
| EXPENDABLES | KL 8 - 10.40 | 14 |
| AÐ TEMJA DREKANN 2 ÍSL TAL 2D | KL 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| PÓSTURINN PÁLL ÍSL TAL 2D | KL 5.50 | L |
| PARÍS NORÐURSINS | KL 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| THE GIVER | KL 8 - 10.15 | 12 |
| LET'S BE COPS | KL 5.45 - 8 | 12 |
| DAWN..PLANET OF THE APES 3D | KL 10.15 | 14 |
| VONARSTRÆTI ENSKUR TEXTI | KL 5.20 | 14 |
| VONARSTRÆTI | KL 8 - 10.40 | 14 |

LAUGARÁS BÍÓ — ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI





ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| PÓSTURINN PÁLL 2D | 5:50 | L |
| THE NOVEMBER MAN | 5:50, 8, 10:20 | 16 |
| PARÍS NORÐURSINS | 5:50, 8, 10:10 | 12 |
| LIFE OF CRIME | 10 | 12 |
| LUCY | 8 | 16 |


# Ný ljóðabók unga fólksins

Fríyrkjan, skáldskaparhópur ungmenna á Íslandi, hefur nú gefið út aðra ljóðabók félagsins. Bókin er samansafn ljóða eftir 24 skáld á aldrinum 18-26 ára en tólf ný ungskáld hafa bæst við hópinn frá síðustu útgáfu.



**SÓLVEIG MATTHILDUR**

Hægt er að kaupa bókina á 2.000 krónur með því að hafa samband við Fríyrkjuna á Fésbók. „Ég er að kasta þessu út," segir Sólveig en aðeins 150 eintök eru til.

„Þetta er góður vettvangur fyrir áhugafólk til að koma sér á framfæri af því að öllum er velkomið að vera með í Fríyrkjunni. Við sjáum um útgáfur, ljóðakvöld og svo erum við með ljóð dagsins á Fésbók."

# Óæðri berin

**BAKÞANKAR**
Söru McMahon



**Á FÖSTUDAGINN** var brunaði ég norður á land í þeim tilgangi að tína heilan helling af íslenskum berjum. Við vorum tvö sem héldum saman í þetta ferðlag. Tvö sem höfðum það að markmiði að tína eins mikið af berjum og við mögulega gætum á einum degi.

**AÐ** morgni laugardags var haldið sem leið lá inn í svolítið gil uppi á heiði sem ég man ekki nafnið á. Þessi sami staður hafði tveimur árum áður gefið vel af sér af aðalbláberjum (sem mér skilst að séu jafngildi trufflu eða kavíars). Í ár var þó annað uppi á teningnum, enda vorum við töluvert seinna á ferð en árin áður, og bláberin báru þess augljós merki. En! Svæðið var fullt af krækiberjum. Stórum, bústnum, safaríkum og gómsætum krækiberjum á stærð við fingurnögl.

**ÉG ER MIKILL** aðdáandi krækiberja – mér finnst þau næstum betri en fyrrnefnd aðalbláber. Þau springa svo skemmtilega þegar bitið er í þau og svo eru þau alveg passlega sæt. Ég hugsaði með mér því gott til glóðarinnar og hófst rösklega handa við berjatínsluna.

**ÞEGAR** fyrsta ílátið var orðið fullt bar ég það undir hinn berjatínslumanninn, yfirberjatínarann, sem var ekki ýkja hrifinn. Samkvæmt fagmanninum er stranglega bannað að blanda tegundum saman eins og ég hafði gert – og það sem verra var: Ég hafði ekki einbeitt mér bara, og aðeins bara, að því að tína aðalbláberin eftirsóttu.

**ÞAÐ** sem eftir lifði dags fór ég eftir settum reglum og tíndi bara bláber með hálfloppnum höndum. En þegar þau voru ekki fleiri gat ég loks snúið mér aftur að óæðri berjum. Pattaralegum, vænum krækiberjum sem springa svo skemmtilega þegar bitið er í þau.

# Enginn latur í Þjóðleikhúsinu

Leikritið Ævintýri í Latabæ var frumsýnt um helgina í Þjóðleikhúsinu. Mikið var um dýrðir þar sem þau Solla stirða og Íþróttaálfurinn hafa fyrir löngu fest sig í sessi hjá ungu kynslóðinni. Með aðalhlutverk fara þau Dýri Kristjánsson og Melkorka Davíðsdóttir Pitt en þeir Rúnar Freyr Gíslason og Magnús Scheving sjá um leikstjórn.



**STANDANDI LÓFAKLAPP** Aðstandendur sýningarinnar með Magnús Scheving í fararbroddi.



**SÆTAR** Þessar biðu spenntar eftir sýningunni.



**STÓR FJÖLSKYLDA** Rúnar Guðbrandsson og Birna Hafstein ásamt börnum.



**GLAÐLEG** Elín Greta Stefánsdóttir, Kristinn Gíslason, Gabríel Máni og Magnús Scheving.



**BROSANDI** Þorsteinn Snorrason, Dagur Thors, Júlía Stefánsdóttir, Stefán Baldursson og Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir.



**SPENNTAR** Sandra Sigþórsdóttir og Ísabella Hjaltadóttir.



**FLOTT FEÐGIN** Hallgrímur Helgason og Margrét María Hallgrímsdóttir.



**GAMAN** Helgi Seljan og Indíana Karítas.



**FLOTTAR** Nanna Ósk, Sigurlaug, Embla og Hrafntinna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ



**FJÖR** Magnús Scheving tók Maríu Kristínu í sveiflu fyrir sýninguna.


KVIKMYNDAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS EUROPA CINEMAS BÍÓ ★ PARADÍS MIÐASALA Á midi.is







SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

# Tilkynnti um mögulegan erfingja

## Jay-Z breytti laglínu í París og söng um að Beyoncé ætti von á barni.

Stjörnuparið Beyoncé og Jay-Z hafa verið mikið í umræðunni undanfarið vegna meintra hjónabandserfiðleika þeirra. Sjálf hafa þau neitað því að nokkuð ami að í hjónabandinu enda eru þau saman núna á tónleikaferðalaginu On the Run.

Sumir hafa látið að því liggja að meintir hjónabandserfiðleikar hjónanna séu búnir til af markaðsöflum til þess að reyna að selja fleiri miða á tónleikana. Þau Beyoncé og Jay-Z hafa líka verið dugleg við að kveða þessar sögusagnir niður með því að vera afar innileg í hvert skipti sem þau koma opinberlega fram.

Hjónin stigu á svið í París á föstudag og í laginu Beach Is Better breytti Jay-Z einni laglínunni í það sem myndi þýðast á íslensku sem: „Af því að hún er ólétt að öðru barni.“ Stóra spurningin er svo hvort að með þessu hafi Jay-Z verið að tilkynna að hjónin ættu von á öðru barni eða hvort hann hafi verið að stríða aðdáendum þeirra.

Fyrir eiga þau Blue Ivy sem er tveggja ára gömul síðan í janúar. Hjónin fóru heldur óhefðbundna leið þegar þau tilkynntu um komu hennar í heiminn.

Beyoncé nuddaði þá bumbuna eftir að hafa flutt lagið Love on Top á VMA-verðlaunahátíðinni árið 2011.

- vh



**NEITA SÖGUSÖGNUM UM SKILNAÐ** Jay-Z og Beyoncé ýjuðu að því í lagatexta að annað barn væri á leiðinni. AFP/NORDICPHOTOS



**EKKI SÁTT** Daniele Watts segist hafa verið handtekin fyrir að kyssa eiginmann sinn. NORDICPHOTOS/GETTY

# Handtekin eftir ástarleik

Leikkonan Daniele Watts, sem er líklega best þekkt fyrir að leika í myndinni Django Unchained, var handtekin í Los Angeles í vikunni eftir að lögreglu barst tilkynningu um ungt par í ástaratlotum í kyrrstæðum bíl.

Watts segist hafa verið handtekin fyrir að hafa smellt kossi á eiginmann sinn, Brian James Lucas, sem er hvítur á hörund, á meðan vitni segja að þau hafi í reynd verið að stunda kynlíf. Lucas segir á Facebook að það hafi legið í augum uppi að lögreglumennirnir hafi talið hann vera vændiskaupanda og eiginkonu hans vera vændiskonu.

„Þeir sáu hvítan rokkarastrák og heita svarta stúlku með stóran afturenda og héldu að við værum „hóra“ og „kóninn“ hennar,“ segir Lucas.

Lucas segir að Watts hafi skorið sig á handjárnunum en að sögn lögreglunnar í Los Angeles var parið „sett í stutt varðhald“. Fréttin fór sem eldur í sinu í netheimum, þar sem fram kom að Watts hefði verið handtekin fyrir það eitt að kyssa manninn sinn en í gær kom síðan fram á slúðursíðunni TMZ að vitni hefðu séð til parsins í ástaratlotum.

- áp

# Grohl og Harry féllust í faðma

Hljómsveitin Foo Fighters var aðalnúmerið á tónleikum í London um helgina þegar hún spilaði við lokaathöfn Invictus-leikanna. Á leikunum keppa særðir og veikir hermenn.

Athöfnin fór fram á Ólympíuleikvanginum í London og voru Harry Bretaprins og Boris Johnson, borgarstjóri Lundúna, á meðal gesta. Harry kynnti Foo Fighters á svið eftir að hafa flutt ræðu og féllust þeir Dave Grohl, höfuðpaur sveitarinnar, í faðma. Sveitin lék öll sín vinsælustu lög og tileinkaði Grohl lagið My Hero öllum þeim hermönnum sem þarna kepptu. Foo Fighters nýtti ferðina til Bretlands vel og kom fram á nokkrum leynitónleikum til að gleðja aðdáendur sína. Nöfn á borð við Kaiser Chiefs, Ellie Goulding og Ryan Adams komu einnig fram við lokaathöfnina.

- glp




UNDIR EINU ÞAKI

**Samgöngustofa hefur flutt starfsemi sína í Ármúla 2**

Samgöngustofa hefur flutt alla starfsemi sína á höfuðborgarsvæðinu í Ármúla 2, á horni Háaleitisbrautar og Ármúla. Breytingunni fylgir aukið hagræði, samræmdur afgreiðslutími og bætt þjónusta við viðskiptavini stofnunarinnar.

Samgöngustofa er stjórnsýslustofnun samgöngumála og varð til við samruna Umferðarstofu, Flugmálastjórnar og stjórnsýsluhluta Siglingastofnunar og Vegagerðarinnar.

**Afgreiðslutími alla virka daga 9–16**




HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 14-1935

Samgöngustofa - Ármúla 2 - 108 Reykjavík - Sími 480 6000 - samgongustofa.is

Samgöngustofa

## Engin áform um að segja Páli upp

**FÓTBOLTI** Formaður knattspyrnudeildar Þórs segir að engin áform séu uppi um að skipta um þjálfara eftir að liðið féll úr Pepsi-deildinni um helgina. Staða hans eins og annarra samningsbundinna aðila innan liðsins verður þó skoðuð í lok tímabilsins.

„Hann er með sinn samning og það er uppsagnarákvæði í honum eins og gengur og gerist hjá leikmönnum og þjálfurum,“ sagði Aðalsteinn Ingi Pálsson við Fréttablaðið í gær. „Ég geri ráð fyrir því að stjórn, leikmenn og þjálfarar hugsi sinn gang og íhugi hvað sé best í þeirri stöðu sem upp er komin,“ bætti hann við en þess má geta að Lárus Orri Sigurðsson er einnig í þjálfarateymi Þórs.

Páll Viðar hefur undanfarin ár einnig starfað sem framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar Þórs en hætti því í sumar. „Það var að hans eigin frumkvæði. Hann ákvað að einbeita sér alfarið að þjálfuninni,“ sagði Aðalsteinn Ingi. - esá



## Fjölnir komst upp úr fallsæti

**FÓTBOLTI** Fjölnismenn komust upp í níunda sæti Pepsi-deildar karla í fótbolta í gærkvöldi með gríðarlega mikilvægum 3-1 sigri á Fram á Laugardalsvellinum.

Gunnar Már Guðmundsson, Þórir Guðjónsson og Ragnar Leósson skoruðu mörk Fjölnis, en Fjölnir var búið að tapa sex útileikjum í röð fyrir sigurinn í gærkvöldi. Fjölnir hafði ekki fagnað sigri utan Grafarvogs síðan liðið vann Þór á Akureyri 8. maí.

Fjölnismenn sáu reyndar alfarið um markaskorun í leiknum því Haukur Lárusson, miðvörður Grafarvogsliðsins, varð fyrir því óláni að skora sjálfsmark.

Sigur Fjölnis hleypir gríðarlegri spennu í botnbaráttuna, en aðeins munar einum sigurleik á liðunum í sjöunda til ellefta sæti Pepsi-deildarinnar. Meira má lesa um leikinn á Vísi. - tom



**GLEÐI** Fjölnismenn fagna marki í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

---

**1-3**

**Laugardalsv.**
Áhorf: Óuppgefið
**Þorvaldur Árnason (8)**

**Mörkin:** 0-1 Gunnar Már Guðmundsson (26.), 0-2 Þórir Guðjónsson (32.), 0-3 Ragnar Leósson (54.), Haukur Lárusson (88. sjálfsm.).

**FRAM (4-3-3):** Denis Cardaklija 6 - Halldór Arnarsson 2 (46. Hafsteinn Briem 5), Ingiberg Ólafur Jónsson 2, Tryggvi Sveinn Bjarnason 3, Einar Bjarni Ómarsson 3 - Orri Gunnarsson 4 (68. Viktor Bjarki Arnarsson 5), Jóhannes Karl Guðjónsson 4, Haukur Baldvinsson 4 - Ásgeir Marteinsson 3 (65. Arnþór Ari Atlason 4), Aron Bjarnason 5, Guðmundur Steinn Hafsteinsson 5.

**FJÖLNIR (4-4-2):** Þórður Ingason 6 - Gunnar Valur Gunnarsson 6, Haukur Lárusson 5, Bergsveinn Ólafsson 6, Matthew Ratajczak 6 - Ragnar Leósson 8 (77. Aron Sigurðarson -), Gunnar Már Guðmundsson 7, Guðmundur Böðvar Guðjónsson 7, Guðmundur Karl Guðmundsson 7 - Mark Charles Magee 5 (61. Christopher Paul Tsonis 5), *Þórir Guðjónsson 8 (89. Viðar Ari Jónsson -).

**Skot (á mark):** 8-14 (5-6) **Horn**: 2-6

**Varin skot:** Denis 3 - Þórður 5

### PEPSI-DEILDIN 2014

STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FH | 18 | 13 | 5 | 0 | 36-11 | 44 |
| Stjarnan | 18 | 12 | 6 | 0 | 35-20 | 42 |
| KR | 18 | 11 | 2 | 5 | 31-19 | 35 |
| Víkingur | 18 | 9 | 3 | 6 | 24-21 | 30 |
| Valur | 19 | 7 | 4 | 8 | 28-29 | 25 |
| Fylkir | 19 | 6 | 4 | 9 | 28-35 | 22 |
| Breiðablik | 19 | 3 | 12 | 4 | 29-30 | 21 |
| ÍBV | 19 | 5 | 6 | 8 | 25-30 | 21 |
| Fjölnir | 19 | 4 | 7 | 8 | 29-34 | 19 |
| Keflavík | 19 | 4 | 7 | 8 | 25-31 | 19 |
| Fram | 19 | 5 | 3 | 11 | 24-37 | 18 |
| Þór | 19 | 2 | 3 | 14 | 21-38 | 9 |

NÆSTU LEIKIR

**Fimmtudagur 18. september**: 17.00 Víkingur - Stjarnan, 17.00 FH - KR

**Markahæstir:**

| | |
|---|---|
| Jonathan Glenn, ÍBV | 10 |
| Ólafur Karl Finsen, Stjörnunni | 9 |
| Hörður Sveinsson, Keflavík | 9 |
| Pape Mamadou Faye, Víkingi | 8 |
| Atli Viðar Björnsson, FH | 7 |
| Gary Martin, KR | 7 |
| Árni Vilhjálmsson, Breiðabliki | 7 |
| Jeppe Hansen, Stjörnunni | 6 |
| Arnar Már Björgvinsson, Stjörnunni | 6 |



**FRÁBÆR** Keflvíkingurinn var maður leiksins í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Stórleikur hjá Arnóri Ingva

**FÓTBOLTI** Arnóri Ingvi Traustason, leikmaður U21 árs landsliðs Íslands, var maður leiksins í sigri Norrköping á Brommapojkarna, 3-1, í sænsku úrvalsdeildinni í fótbolta í gærkvöldi.

Keflvíkingurinn öflugi lagði upp fyrstu tvö mörk síns liðs og skoraði það þriðja sjálfur áður en honum var skipt af velli á 77. mínútu leiksins.

Stigin þrjú komu Norrköping upp úr fallsæti, en það er nú í 13. sæti af 16 liðum með 24 stig, einu stigi frá umspilssætinu. Frammistaða Arnórs Ingva skipti því sköpum í gærkvöldi. Kristinn Jónsson var ekki í leikmannahópi Brommapojkarna. - tom

# Á erfitt með að hlífa mér

**FH-ingurinn Guðjón Árni Antoníusson er byrjaður að spila fótbolta á nýjan leik þrátt fyrir nokkur alvarleg höfuðhögg sem nánast bundu enda á feril hans. Hann segist ekki finna fyrir neinu í dag og mun spila án höfuðhlífar. Guðjón segir ástríðuna enn vera í boltanum og mun spila áfram af fullum krafti.**

**FÓTBOLTI** „Ég er búinn að vera að æfa síðan í lok júlí og líður vel,“ segir bakvörður FH-inga, Guðjón Árni Antoníusson, en hann kom óvænt af bekknum í leik Þórs og FH á sunnudag og spilaði þá síðustu fjórar mínútur leiksins.

Það voru flestir búnir að afskrifa knattspyrnuferil hans og hann var nánast búinn að því sjálfur í viðtali við Stöð 2 í lok júní. Þá sagði hann að það hefði verið langskynsamlegast að hætta í fyrra. Guðjón Árni hefur fengið alvarleg höfuðhögg sem hafa nánast haldið honum frá vellinum í tvö ár. Nú síðast fékk hann höfuðhögg í maí. Það kom því mörgum gríðarlega á óvart að sjá hann koma inn í leiknum gegn Þór.

„Ég hætti að finna fyrir svimanum er ég byrjaði að hlaupa í júlí og ég fór svo að mæta á æfingar í lok mánaðarins. Ég gat svo alltaf gert meira á hverri æfingu.“

### Var með svima á hverjum degi

Í fyrra var Guðjón Árni með mikinn svima á hverjum degi í margar vikur. Þá var hann ekki að æfa. Svo fór sviminn en hann kom aftur er bakvörðurinn fór að æfa á nýjan leik.

„Ég finn ekki fyrir neinu núna þegar ég æfi. Það er allt eðlilegt og því ekkert að óttast.“

Leikmaðurinn notaðist við hlífðarbúnað á höfði í fyrstu en hann er hættur því núna.

„Hjálmur eða hlífðarbúnaður gerir ekkert til þess að verjast heilahristingi. Menn tóku til dæmi úr NFL-boltanum þar sem menn eru með hjálma en eru endalaust að fá heilahristing. Hann hjálpar til að verjast brotum en heilinn hristist alltaf jafn mikið. Ég prófaði hlífina og æfði með hana í allan vetur en það breytti engu. Svo fékk ég óvænt högg á æfingu í maí sem stöðvaði mig aftur.“

Læknar sem Guðjón Árni ræddi við í fyrstu ráðlögðu honum að hvíla sig lengi og jafnvel að hætta í fótbolta.

> **Hjálmur eða hlífðarbúnaður gerir ekkert til að verjast heilahristingi.**
>
> *Guðjón Árni Antoníusson, leikmaður FH*

„Maður er alltaf að taka áhættu með því að vera í íþróttum þar sem er snerting. Það getur gerst í hverju sem er að menn fái þungt höfuðhögg. Ég er búinn að fara í margar rannsóknir og þeir segja að allt sé eðlilegt. Ég er ekki að skemma neitt, sögðu fremstu menn landsins í heila- og taugaskurðlækningum. Mér leið svo betur þegar ég fór aftur af stað núna í júlí,“ segir Guðjón og bætir við:

„Það var sagt við mig í fyrra, og aftur núna, að það geti enginn sagt að ég þurfi að hvíla í ákveðinn tíma. Þetta er ekki eins og með tognun þar sem menn vita hvað það þarf að hvíla lengi. Menn vita ekki nógu mikið um þessa tegund meiðsla og því er öruggast að segja mönnum að hvíla sig og hætta þessu bara. Það er öruggast og ég þarf að finna mér eitthvað öruggara. Ég talaði við Aron Björnsson, heila- og taugaskurðlækni, og hann kom með nýjan punkt í mitt mál. Það gaf mér von um að fara aftur af stað þegar ég var nánast búinn að gefast upp.“

### Ógeðslega gaman í fótbolta

Guðjón Árni segist hafa leitað að ýmsu sem gæti komið í stað fótboltans en það hafi ekki fundist.

„Mér finnst svo ógeðslega gaman í fótbolta og ástríðan er enn þar. Ég reyndi að finna mér annað að gera eins og tengt þjálfun. Ég þarf einhvern meiri aðdraganda áður en ég hætti. Mér finnst svo gaman að fara á æfingar og taka á því,“ segir Guðjón og bætir við að hann sé ekkert hræddur um að skaða sig enn frekar. „Fyrst var ég samt að velja mér bolta til að fara í. Það gengur auðvitað ekki og Heimir þjálfari sá það alveg. Ég vissi síðan alveg hvenær ég ætlaði að fara í að skalla bolta á æfingum. Þegar ég byrjaði á því var þetta ekkert mál.“

Bakvörðurinn öflugi segist vera í góðu líkamlegu ástandi en eðlilega vantar upp á leikformið hjá honum. Hann er þó til í að spila ef eftir því er leitað.

„Ég er klár og það er þjálfarinn sem velur liðið. Ég mun spila ef eftir því verður leitað. Ég mun ekkert hlífa mér og á reyndar erfitt með það. Ef ég ætlaði að gera það þá þyrfti ég að spila í neðri deildum eða snúa mér að einhverju öðru.“

henry@frettabladid.is



**ALLS ÓHRÆDDUR** Guðjón Árni er mættur aftur út á völlinn þó svo hann hafi hvílt mikið vegna höfuðhögga. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fimm ára bið Liverpool loks á enda í kvöld

**Keppni í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu hefst í kvöld með átta leikjum víðs vegar í Evrópu.**

**FÓTBOLTI** „Ég er mjög spenntur. Fimm ár er langur tími. Við eigum skilið að vera með í þessari keppni,“ sagði Brendan Rodgers, stjóri Liverpool, sem leikur í kvöld sinn fyrsta leik í Meistaradeild Evrópu í fimm ár. Liðið mætir þá búlgarska liðinu Ludogorets á heimavelli sínum, Anfield. „Við viljum komast upp úr okkar riðli en munum engu að síður taka bara einn leik fyrir í einu. Fyrsta markmið okkar er að standa okkur vel,“ bætti Rodgers við.

Liverpool-menn eru þó enn að sleikja sárin eftir tap fyrir Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni um helgina en Rodgers segir að leikur kvöldsins sé kjörið tækifæri til að komast aftur á beinu brautina.

„Við vorum með mikla yfirburði gegn Aston Villa en úrslitin voru ekki okkur að skapi. En við verðum bara að halda áfram og einbeitum okkur nú að næsta leik.“

Liverpool þarf að byrja vel í kvöld en búlgarska liðið er fyrirfram talið það lakasta í riðlinum. Rodgers og lærisveina hans bíður erfiðara verkefni gegn Real Madrid og Basel frá Sviss. Rodgers hefur skoðað búlgarska liðið vel og á von á að gestirnir muni sækja í kvöld.

„Þetta er topplið í Búlgaríu og ég veit að leikurinn verður erfiður. Þeir spila 4-2-3-1 og eru með bakverði sem sækja upp kantana. Þetta er lið sem vill sækja,“ sagði Rodgers sem bætti því við að varnarmaðurinn Martin Skrtel mundi missa af leiknum vegna meiðsla.

Meðal annarra leikja í kvöld má nefna að Arsenal á erfiðan útileik fyrir höndum í D-riðli gegn þýska liðinu Dortmund á Signal Iduna-leikvanginum.

Allir leikir kvöldsins hefjast klukkan 18.45 en upphitun hefst á Stöð 2 Sport klukkan 18.00. Meistaramörkin hefjast svo klukkan 20.45. -esá

### LEIKIR KVÖLDSINS

**A-RIÐILL**
**Olympiakos - Atletico Madrid**
**Juventus - Malmö FF**
**B-RIÐILL**
**Liverpool - Ludogorets** **Sport 3**
**Real Madrid - Basel** **Sport 4**
**C-RIÐILL**
**Monaco - Bayer Leverkusen**
**Benfica - Zenit St. Pétursborg**
**D-RIÐILL**
**Galatasaray - Anderlecht**
**Dortmund - Arsenal** **Sport HD**



**SPENNTUR** Brendan Rodgers vill byrja leiktíðina í Meistaradeild Evrópu með sigri. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY




# Útsala

**PARKET - FLÍSAR - INNIHURÐIR**



HARÐVIÐARVAL

Harðviðarval ehf | Krókhálsi 4 | 110 Reykjavík | Sími 567 1010 | www.parket.is

# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl. 20.05
### Gatan mín

Skemmtilegur þáttur þar sem Valgerður Matthíasdóttir fer í gönguferð með þekktum Íslendingum um uppáhaldsgöturnar þeirra. Áhugaverðar sögur, fróðleikur og skemmtilegt fólk.

## Í KVÖLD



### Alheimurinn

**SJÓNVARPIÐ KL. 20.00** Áhugaverð þáttaröð þar sem skýringa á uppruna mannsins er leitað með aðstoð vísindanna auk þess sem tilraun er gerð til að staðsetja jörðina í tíma og rúmi.



### Dortmund – Arsenal

**STÖÐ 2 SPORT KL. 18.30** Bein útsending frá leik Dortmund og Arsenal í Meistaradeild Evrópu.



### Höfðingjar heim að sækja

**STÖÐ 2 GULL KL. 19.55** Vandaðir þættir með Evu Laufeyju Kjaran Hermannsdóttur þar sem hún heimsækir þjóðþekkta Íslendinga. Viðmælendurnir eru sannkallaðir sælkerar og eru flestir þekktir fyrir eitthvað allt annað en að vera í eldhúsinu.

## X-ið 977 kl. 08.00
### Harmageddon



Harmageddon er morgunþátturinn á X977, á dagskrá alla virka daga kl. 8-11. Harmageddon er hrikalegur útvarpsþáttur sem tekur púlsinn á öllu því helsta sem gerist í þjóðfélaginu í dag.






## STÖÐ 2

**06.25** The Big Bang Theory
**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** Malcolm in the Middle
**08.30** Gossip Girl
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** The Middle
**10.40** Go On
**11.00** Flipping Out
**11.45** The Newsroom
**12.35** Nágrannar
**13.00** Cold Feet 5
**13.50** American Idol
**15.35** The Mentalist
**16.20** Sjáðu
**16.50** The Big Bang Theory
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** The Simpsons
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.11** Veður
**19.20** Back in the Game *(13:13)*
**19.40** 2 Broke Girls *(14:24)*
**20.05** Gatan mín
**21.20** White Collar *(15:16)*
**22.05** Burn Notice *(15:18)*
**22.50** Daily Show. Global Edition
**23.15** The Night Shift
**00.00** Covert Affairs
**00.45** Mistresses
**01.25** Bones
**02.10** Girls
**02.40** Five Star Day
**04.15** Brake
**05.45** 2 Broke Girls

## SPORT *besta sætið*

**11.50** Stjarnan - Keflavík
**13.40** Real Madrid - Atletico
**15.20** Celta - Real Sociedad
**17.00** Spænsku mörkin 14/15
**17.30** Þýsku mörkin
**18.00** Meistaradeildin - upphitun
**18.30** Dortmund – Arsenal Bein útsending frá leik Dortmund og Arsenal í Meistaradeild Evrópu.
**20.45** Meistaradeildin - Meistaramörk
**21.30** Liverpool - Ludogorets
**23.20** Real Madrid - Basel
**01.10** Meistaradeildin - Meistaramörk

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00** Hull - West Ham
**08.40** Messan
**13.15** Southampton - Newcastle
**14.55** Hull - West Ham
**16.35** Premier League World
**17.05** Messan
**18.20** Liverpool - Aston Villa
**20.00** Premier League Review
**20.55** Sunderland - Tottenham
**22.35** Football League Show
**23.05** Stoke - Leicester

## ÍNN

**20.00** Frumkvöðlar **20.30** Græðlingur **21.00** Fyrirtækjaheimsókir **21.30** Stormurinn.

## STÖÐ 3

**17.15** Who Do You Think You Are?
**18.15** Jamie's 30 Minute Meals
**18.40** Baby Daddy
**19.00** Total Wipeout UK
**20.00** One Born Every Minute *(9:12)*
**20.50** How To Live With Your Parents for the Rest of your Life *(9:13)*
**21.15** Drop Dead Diva *(5:13)*
**22.00** Witches of East End *(3:10)*
**22.40** Terminator. The Sarah Connor Chronicles
**23.25** Utopia
**00.20** Gang Related
**01.05** Total Wipeout UK
**02.05** One Born Every Minute
**02.50** How to Live With Your Parents for the Rest of Your Life
**03.10** Drop Dead Diva
**03.50** Witches of East End
**04.35** Terminator. The Sarah Connor Chronicles

## Krakkastöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Sumardalsmyllan **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveinsson **08.45** Elías **08.55** UKI **09.00** Ofurhundurinn Krypto **09.22** Ljóti andarunginn og ég **09.44** Gulla og grænjaxlarnir **09.56** Tommi og Jenni **10.00** Lukku-Láki **10.25** Latibær **10.47** Hvellur keppnisbíll **11.00** Dóra könnuður **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Sumardalsmyllan **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveinsson **12.45** Elías **12.55** UKI **13.00** Ofurhundurinn Krypto **13.22** Ljóti andarunginn og ég **13.44** Gulla og grænjaxlarnir **13.56** Tommi og Jenni **14.00** Lukku-Láki **14.25** Latibær **14.47** Hvellur keppnisbíll **15.00** Dóra könnuður **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Sumardalsmyllan **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveinsson **16.45** Elías **16.55** UKI **17.00** Ofurhundurinn Krypto **17.22** Ljóti andarunginn og ég **17.44** Gulla og grænjaxlarnir **17.56** Tommi og Jenni **18.00** Lukku-Láki **18.25** Latibær **18.47** Hvellur keppnisbíll **19.00** Baddi í borginni **20.35** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**17.35** Strákarnir
**18.00** Frasier
**18.25** Friends
**18.45** Seinfeld
**19.10** Modern Family
**19.35** Two and a Half Men *(19:24)*
**19.55** Höfðingjar heim að sækja
**20.10** Veggfóður
**21.00** Homeland *(9:12)*
**21.45** Zero Hour *(3:13)*
**22.30** Red Widow
**23.15** Shameless
**00.05** Chuck
**00.45** Cold Case
**01.30** Höfðingjar heim að sækja
**01.45** Veggfóður
**02.35** Homeland
**03.20** Zero Hour
**04.05** Red Widow
**04.45** Shameless

## BÍÓSTÖÐIN

**12.10** The Winning Season
**13.55** Solitary Man
**15.25** Clear History
**17.05** The Winning Season
**18.50** Solitary Man
**20.20** Clear History
**22.00** Dark Shadows
**23.55** Behind The Candelabra
**01.50** Taken 2
**03.20** Dark Shadows

## RÚV

**16.30** Ástareldur
**17.20** Snillingarnir
**17.40** Violetta
**18.25** Táknmálsfréttir
**18.35** Melissa og Joey
**19.00** Fréttir
**19.20** Veðurfréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Kastljós
**20.00** Alheimurinn *(8:13) (Cosmos: A Spacetime Odyssey)* Áhugaverð þáttaröð þar sem skýringa á uppruna mannsins er leitað með aðstoð vísindanna auk þess sem tilraun er gerð til að staðsetja jörðina í tíma og rúmi. Umsjón: Neil deGrasse Tyson.
**20.40** Hefnd *(9:13) (Revenge III)* Bandarísk þáttaröð um unga konu sem snýr aftur eftir fjarveru með það að markmiði að hefna sín á þeim sem sundruðu fjölskyldu hennar. Meðal leikenda eru Emily Van Camp og Max Martini.
**21.25** Skotar kjósa; já eða nei Þjóðaratkvæðagreiðsla verður í Skotlandi 18. september um hvort landið eigi að verða sjálfstætt ríki.
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Skylduverk
**23.20** Gullkálfar
**00.20** Djöflar Da Vincis
**01.15** Kastljós
**01.40** Fréttir
**01.50** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**14.20** Design Star
**15.05** Made in Jersey
**15.45** Happy Endings
**16.05** Kirstie
**16.25** Men at Work
**16.45** 30 Rock
**17.05** Reckless
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50** Trophy Wife
**20.10** The Royal Family - NÝTT *(1:10)*
**20.35** Welcome to Sweden - NÝTT *(1:10)*
**21.00** King & Maxwell - LOKAPÁTTUR *(10:10)*
**21.45** Ray Donovan *(3:12)* Vandaðir þættir um harðhausinn Ray Donovan sem reynir að beygja lög og reglur sem stundum vilja brotna.
**22.35** The Tonight Show
**23.15** The Moaning of Life
**00.00** Flashpoint
**00.45** Scandal
**01.30** Ray Donovan
**02.20** The Tonight Show

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014 **13.00** Golfing World 2014 **13.50** Countdown to the Ryder Cup **14.15** Inside The PGA Tour 2014 **14.40** Web.com Tour Highlights **15.35** Champions Tour 2014 - Highlights **16.30** European Tour 2014 - Highlights **17.15** Golfing World 2014 **18.05** PGA Tour 2014 - Highlights **19.00** PGA Tour 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


NR.65
EGGJANÚÐLUR
MEÐ KJÚKLINGI, EGGJUM OG GRÆNMETI
BRAKANDI FERSKAR OG SPENNANDI
VIÐ ELSKUM NÚÐLUR!
AÐEINS 980kr.
Veldu á milli Sesam, Sweet Chilli og Hvítlauks Chilli sósu
NINGS
Veitingahús Nings eru opin alla daga frá 11:30 til 22:00 Suðurlandsbraut | Hlíðarsmári | Stórhöfði | www.nings.is

## UPPÁHALDSDÝRIÐ



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**„Það er gaupa. Sem er fjallaljón. Þar á eftir er það blessuð húsflugan.“**

Saga Garðarsdóttir, leikkona

# Spennt að uppgötva framúrskarandi hæfileika

Selma Björnsdóttir tekur sæti sem dómari í Ísland Got Talent en er á fullu að leikstýra hérlendis sem erlendis.

„Ég er mjög spennt og hef fulla trú á því að það verði þar framúrskarandi hæfileikafólk sem tók kannski ekki þátt af einhverjum ástæðum á síðasta tímabili,“ segir Selma Björnsdóttir sem tekur sæti í dómnefnd hæfileikaþáttarins Ísland Got Talent, sem hefst á Stöð 2 í janúar.

Hún starfaði í fyrra sem listrænn stjórnandi fyrir beinar útsendingar á þættinum. „Þá vann ég með keppendum í því að færa atriðið þeirra upp á næsta plan og að hjálpa við að gefa hugmyndum þeirra vængi,“ segir Selma sem sest nú í dómarasætið en hún er ekki alveg óvön þar sem hún hefur meðal annars verið dómari í Idol Stjörnuleit og gestadómari í Dans dans dans.

„Ég hef trú og von á því að „standardinn“ muni hækka, hann gerir það oft þegar líður á svona tímabil. Ég hvet fólk á öllum aldri með alls konar hæfileika til að koma í þáttinn.“

Selma er með mörg járn í eldinum um þessar mundir en hún leikstýrir leikriti Vesturports, The Heart of Robin Hood, ásamt Gísla Erni Garðarssyni. Það verður sett upp á fjórum stöðum; í Uppsölum í Svíþjóð, í New York og í Manitoba og Toronto í Kanada.

Þá leikstýrir Selma einnig rokksöngleiknum Loki læðist í samstarfi við Hugleik Dagsson og Sigurjón Kjartansson en söngleikurinn fjallar um norræna goðafræði og verður frumsýndur 27. febrúar í Þjóðleikhúsinu.

„En hvað varðar Ísland Got Talent, þá er ég náttúrulega mjög spennt að uppgötva framúrskarandi hæfileika því sem leikstjóri þá er maður alltaf að leita að nýju framúrskarandi fólki.“ - þij



**GAMAN** Selma Björnsdóttir tekur full tilhlökkunar sæti í dómnefnd Ísland Got Talent. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Lokar ákveðnum kafla

Tónlistarmaðurinn Ólafur Arnalds hefur komið fram á 130 tónleikum um allan heim og klárar tónleikaferðalagið heima. Hann er með mörg járn í eldinum.

„Tónleikaferðalagið er tæknilega séð búið en við vildum taka einn lokasprett. Það verður gaman að taka þetta prógramm hér á landi, fyrir mömmu og pabba og svona,“ segir tónlistarmaðurinn Ólafur Arnalds en hann ætlar að ljúka tónleikaferðalagi sínu um heiminn í Hörpu á fimmtudag. Hann hefur nú komið fram á yfir 130 tónleikum um heim allan. „Þetta er búið að vera stanslaust núna í eitt og hálft ár og ég ætla að hætta þessu í bili. Við höfum verið að þróa tónleikaprógrammið allt ferðalagið þannig að það verður gaman að flytja prógrammið fullmótað hérna heima,“ segir Ólafur. Hann sendi frá sér plötuna For Now I Am Winter árið 2013 og var að fylgja henni eftir en platan hefur selst í yfir fimmtíu þúsund eintökum á heimsvísu, sem þykir mjög gott miðað við að þetta er ekki popptónlist. „Við eigum bara eftir að heimsækja Afríku og Suður-Ameríku en ég er þó að fara til Suður-Ameríku á næsta ári. Ég ætla lítið að túra á næsta ári.“

Með honum á sviðinu er að jafnaði strengjakvartett, Bergur Þórisson leikur á synþa og aðra hljóðgervla. Þá hefur söngvarinn Arnór Dan Arnarson komið fram á stærri giggum og á tónlistarhátíðum.

Ólafur er með mörg járn í eldinum og vinnur nú við að smíða tónlist við aðra seríu sjónvarpsþáttanna Broadchurch, en hann vann einmitt BAFTA-verðlaun bresku kvikmyndaakademíunnar fyrr á þessu ári fyrir tónlistina í fyrstu seríu þáttanna. „Þetta er flókið ferli, mikil skipulagsvinna og maður er í miklum samskiptum við pródúsera og aðra aðila í tengslum við þættina. Annars sest maður bara niður og semur melódíur, maður þarf að tjúna sig í ákveðið andrúmsloft og finna grunn sem allir eru sammála um,“ segir Ólafur spurður út í ferlið. Hann vinnur tónlistina í sérhæfðu forriti þar sem hann hefur myndina á skjánum og getur því unnið í takt við myndina. „Þetta þarf allt að passa upp á sekúndubrot og getur verið erfitt,“ bætir hann við.

Ólafur hóf ferilinn sem trommuleikari í ýmsum þungarokkshljómsveitum en fékk svo sérlega mikinn áhuga á klassískri tónlist og kvikmyndatónlist upp úr aldamótum og langar að halda áfram á þeirri braut. „Það hefur verið nóg að gera í þessum geira og ég vil endilega halda áfram í kvikmyndaheiminum, en ég vil þó ekki eingöngu vera í því, ég vil líka semja efni fyrir sjálfan mig.“

Tónleikarnir fara fram í Norðurljósasalnum í Hörpu á fimmtudagskvöld og hefjast klukkan 20.30.

gunnarleo@frettabladid.is



**KOMINN HEIM** Tónlistarmaðurinn Ólafur Arnalds kemur fram í Hörpu á fimmtudaginn.

### FERÐALAGIÐ MIKLA

Ólafur Arnalds hefur komið fram á um 130 tónleikum um heim allan undanfarið ár.

Fyrstu tónleikar ferðalagsins voru með bresku sinfóníunni í Barbican Hall í London 11. mars í fyrra.

Ólafur hefur komið fram í helstu borgum Evrópu, Bandaríkjanna, Asíu og Ástralíu.

**Hann hefur gefið út þrjár breiðskífur**

***Eulogy for Evolution*** *árið 2007*

***...And They Have Escaped the Weight of Darkness*** *árið 2010*

***For Now I Am Winter*** *árið 2013* en platan hefur selst í yfir 50.000 eintökum um heim allan.

Tónlist eftir hann hefur hljómað í kvikmyndum eins og The Hunger Games og Looper og sjónvarpsþáttum eins og So You Think You Can Dance og Broadchurch en Ólafur vann til hinna virtu BAFTA-verðlauna fyrir tónlistina í þeim síðarnefndu.

# Samfélag þar sem allir eru jafnir

Samsuða – saga 8 listamanna brúar bilið milli listamanna með og án fötlunar.

„Með myndinni vonast ég til þess að vekja þá tilfinningu hjá áhorfendum að við viljum samfélag þar sem allir eru jafnir og það sé það samfélag sem við viljum búa í,“ segir Íris Stefanía Skúladóttir sem var að klára lokaverkefni sitt í meistaranámi í Hagnýtri menningarmiðlun frá Háskóla Íslands. Verkefnið er heimildarmyndin Samsuða – saga átta listamanna. Myndin fjallar um átta listamenn sem unnu saman í pörum þar sem einn listamaður var með fötlun og annar án, við að skapa eitt listaverk fyrir uppboðssýninguna Samsuðu. Sýningin var haldin á Kjarvalsstöðum og var á vegum listahátíðarinnar List án landamæra vorið 2014. Hugmyndina að myndinni fékk Íris þegar hún var í náminu og starfaði einnig sem framkvæmdastýra Listar án landamæra.

„Markmiðið með myndinni er að brúa bilið á milli samfélagshópa og stuðla að jafnara samfélagi,“ segir Íris Stefanía. Í myndinni má heyra listamennina ræða það hvað þeir lærðu hver af öðrum og hve gefandi samstarfið var.

Stefnt er að því að sýna myndina í Bíói Paradís í október og síðan á alþjóðlegu mannréttindakvikmyndahátíðinni í Valencia á Spáni í framhaldi af því.

Íris Stefanía setti myndina nýlega inn á vefsíðuna Karolina Fund þar sem hún safnar nú fyrir kostnaði við eftirvinnslu, þýðingu og kynningu myndarinnar svo eitthvað sé nefnt. „Ég vonast auðvitað til þess að myndin verði sýnd sem víðast því að mér finnst boðskapurinn svo mikilvægur og hann á að fá að heyrast.“ - vh



**HUGLEIKUR OG ÍSAK** Hugleikur Dagsson og Ísak Óli eru meðal þeirra listamanna sem tóku þátt í Samsuðu.

### Listamannapörin í Samsuðu:

- Guðrún Bergsdóttir og Eggert Pétursson
- Erling T.V. Klingenberg og Karl Guðmundsson
- Sigrún Huld Hrafnsdóttir og Sara Riel
- Hugleikur Dagsson og Ísak Óli Sævarsson




VILTU VERÐA

STÍLISTI?

ÚTLITS- OG FÖRÐUNARSKÓLI

The Academy of Colour and Style er skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreining, fatastíll og textíll. Eftir nám fá nemendur alþjóðlegt diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant).

Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum. Hver önn tekur þrjá mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu. Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá kl. 18–22.

| Stundaskrá | 1. önn | 2. önn | Starfsmöguleikar: |
|---|---|---|---|
| | Fatastíll | Litgreining | Innkaupastjóri |
| | Fatasamsetning | Förðun út frá litgreiningu | Útlitsráðgjafi |
| | Textíll | Litasamsetning | Stílisti |
| | | | Verslunarstjóri |

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533 5101

www.utlit.is

SAMSTARF VIÐ KVIKMYNDASKÓLA ÍSLANDS



The Academy of Colour and Style og Kvikmyndaskóli Íslands hafa hafið samstarf sín á milli, sem felst í því að nemendur í innanhússtílistanámi og útlits- og förðunarnámi koma að verkefnum nemenda í Kvikmyndaskólanum. Nemendur í útlits- og förðunarnáminu vinna að búningagerð og förðun fyrir verkefni í skólanum en nemendur í innanhússtílistanáminu aðstoða við þróun á leikmynd og útfærslu hennar.




INNANHÚSSTÍLISTANÁM

**Dæmi um það sem tekið er fyrir í náminu:**

Lita- og línufræði
Tónalgreining
Vaxtarbygging
Heitt og kalt rými
Stórt og lítið rými
Uppröðun hluta
**Stílistun á:**
Baðherbergi
Svefnherbergi
Barnaherbergi
Eldhúsi
Garðhýsi
Stofu
Og margt fleira.

The Academy of Colour and Style býður nú upp á nám í innanhússtílistun. Farið er í helstu grunnþætti í lita- og línufræði. Einnig er kennt að meta stíl út frá persónunni sjálfri. Þá er hún greind út frá vaxtarbyggingu og litgreiningu en þær upplýsingar segja mikið til um hvernig einstaklingur vill hafa sitt nánasta umhverfi eins og litir og stíl. Nemendur vinna svo verkefni í hverri viku og taka þá fyrir stílistun á stofu, baðherbergi, barnaherbergi o.fl. Gestafyrirlesarar koma í tíma og kynna fyrir nemendum ýmis atriði sem koma þeim til góða.
Hver önn tekur þrjá mánuði. Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18–22.



Anna F. Gunnarsdóttir
*Stílisti*



Helga Sigurbjarnadóttir
*Innanhúsarkitekt*



Þorsteinn Haraldsson
*Byggingafræðingur*

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533 5101

www.utlit.is



Þriðjudags
TILBOÐ
DOMINO'S
1000 KR.
Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali. Ef þú sækir.
Gildir fyrir klassískan, ítalskan og lauflettan botn.
VIÐ NOTUM EINGÖNGU 100% ÍSLENSKAN OST!
ÍTALÍA: Ferskur mozzarella, kirsuberjatómatar og basilpestó
WWW.DOMINOS.IS
DOMINO'S APP
SÍMI 58 12345

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Birgitta flutt heim

Söngkonan **Birgitta Haukdal** er flutt aftur heim til Íslands eftir að hafa verið búsett á Spáni undanfarin þrjú ár. Birgitta bjó þar ásamt eiginmanni sínum, Benedikt Einarssyni, og syni þeirra. Benedikt var þar í MBA-námi en Birgitta lagði stund á spænskunám í háskóla í Barcelona meðan á dvöl þeirra stóð. „Ég er flutt aftur til Íslands og elska það, fyrir utan veðrið," sagði Birgitta á Facebook-síðu sinni í tilefni flutninganna.

Birgitta hefur um árabil verið ein þekktasta söngkona landsins og mun hún meðal annars ætla að starfa við söngkennslu nú þegar hún er flutt aftur heim.

- vh



### LaToya aðdáandi Önnu

**Anna Mjöll Ólafsdóttir** söngkona var stödd í partíi hjá Brent Shapiro-stofnuninni á sunnudagskvöld og hitti þar dásamlegustu og fallegustu konu jarðar að eigin sögn. Konan sem um ræðir var LaToya Jackson söngkona sem sagðist hafa notið sín í botn á tónleikum Önnu Mjallar fyrr á árinu og að hún hygðist mæta aftur á skemmtun hjá söngkonunni ásamt eiginmanni sínum. Anna Mjöll fagnaði mjög og sagði á Facebook-síðu sinni: „They were both SO nice! I'm so lucky! Yay!"

- nej



## Mest lesið VÍSIR

1. „Sá sem gerði þetta gæti átt yfir höfði sér allt að tveggja ára fangelsi"
2. Dansandi lífvörður drottningarinnar í þriggja vikna herfangelsi
3. Hvítur minkur við Vesturlandsveg: {Eins og köttur sem vildi láta klappa sér"
4. Páfinn segir þriðju heimsstyrjöldina hafna
5. Rio: Það var neyðarlegt að spila undir stjórn Moyes





